



skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
13. apríl 2011
86. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011



## Ekki bara fyrir nörda

*Tímaritið Nörd norðursins lítur dagsins ljós.*

**tímamót** 12

## Einstakt hús á sölu

*Höll Jóhannesar í Bónus á Akureyri metin á tæpar 200 milljónir.*

**fólk** 34



## United og Barca áfram

*Manchester United sló Chelsea úr leik í Meistaradeild Evrópu.*

**sport** 30

# Vantraust rætt í dag

**Umræða um vantrauststillögu á ríkisstjórnina tekur fimm klukkutíma. Atkvæði verða greidd í kvöld. Þingmenn í embættiserindum í útlöndum flýta heimför.**

**ALÞINGI** Umræða um tillögu þingflokks Sjálfstæðisflokksins um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar hefst klukkan fjögur í dag og stendur fram á kvöld. Umræðunni eru ætlaðar fimm klukkustundir og verður atkvæðagreiðsla að henni lokinni.

Þingflokksformenn höfðu deildar meiningar um hve lengi umræðan ætti að standa og hvenær dags hún skyldi fara fram. Þurfti þrjá fundi til að komast að ofangreindri niðurstöðu. Inn í spilaði að allnokkrir þingmenn voru í embættiserindum í útlöndum. Var ferðaáætlunum breytt eins og kostur var, svo þeir næðu heim í tæka tíð.

Erfitt er að segja til um hvernig atkvæði munu falla enda stangast hugmyndir manna um atkvæðaráðstöfun annarra á. Sem dæmi um það sagðist Bjarni Benediktsson á Rás 2 í gær gera ráð fyrir að stjórnarandstaðan greiddi öll atkvæði með tillögunni, þar með talin Hreyfingin. Heimildarmaður Fréttablaðsins úr röðum stjórnarliða sagðist á hinn bóginn telja að Hreyfingin myndi greiða atkvæði gegn tillögunni.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði hins vegar í samtali við blaðið að afstaða flokks hennar lægi alls ekki fyrir. „Við ætlum að tala við okkar bakland í kvöld [gærkvöldi] og taka ákvörðun eftir það.“

Að sama skapi eru yfirlýsingar framsóknarþingmannanna Höskuldar Þórhallssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns misvísandi. Höskuldur sagðist við Vísi telja óvíst að þingflokkurinn styddi tillöguna en á RÚV sagði Sigmundur flokk sinn styðja hana. Fréttablaðið hefur svo vitneskju um að í það minnsta einn þingmaður Framsóknarflokksins hyggist sitja hjá.

– bþs / sjá síðu 4



**STUBBAR Í MENNTASKÓLA** Þessir ábúðarfullu MR-ingar, í gervum þeirra Tinkí-Vinkís og Dipsýs úr smábarnaþáttunum Stubbunum, gerðu sér glaðan dag í gær. Þeir fögnuðu fyrirhugaðri útskrift með dimmisjón.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forseti ASÍ hótar þvingunaraðgerðum semjist ekki um launahækkanir þessa árs:

# Svartsýnn fyrir lokatilraunina

**KJARAMÁL** Svo virðist sem gerð kjarasamninga til þriggja ára sé úti af borðinu. Lokatilraun til sáttar verður gerð klukkan eitt í dag en Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), kveðst afar svartsýnn fyrir hana.

Gylfi segir að í ljósi stöðunnar sem upp er komin vegna Icesave-málsins hefði hann haldið að stjórnvöldum þætti mikilvægt að berja í brestina og örva hagvöxt með gerð langtímasamninga. Það snerist hins vegar um að tryggja fjárfestingar. „Og mér sýnist það ekki vera vilji ríkisstjórnarinnar að teygja sig neitt í því,“ segir hann. Þar komi til flókin og viðkvæm álitaefni innan þingflokka um umhverfismál.

Gylfi segir að svörin sem fengist hafa á fundum síðustu daga með stjórnvöldum hafi í raun verið skýr og gefi ekki tilefni til jákvæðni. Þolinmæðin sé nú á þrotum. Ríkisstjórnina skorti augljóslega styrk til að koma sínum málum í gegn.

Gylfi er jafnframt harðorður í garð Samtaka atvinnulífsins og kröfu þeirra um að sjávarútvegsmálin verði leyst áður en hægt er að semja. „Það kemur ekki til álita að ASÍ samþykki hér eitthvert fyrirkomulag kvótamála til 52 ára, né heldur að samþykkja að framlengja leigubraskið í kvótamálum út í hið óendanlega. Þeirra hugmyndir um sátt í sjávarútvegsmálum eru algjörlega þvert á það sem við gætum nokkurn tíma sætt okkur við,“ segir Gylfi.

Þá segir Gylfi að menn muni ekki komast upp með að hlaupa frá loforðum um launahækkanir þessa árs með skammtímasamningum. „Við munum beita þeim tækjum sem við höfum til að þvinga það fram. Það er alveg á hreinu.“

– sh



**VANDAR SIG** Torfi Þór hellti upp á svart kaffi með eigin hendi í keppninni.

Sigraði í kaffibarþjónakeppni:

## Á leið á heimsmeistaramót

**FÓLK** Torfi Þór Torfason matreiðslumaður bar sigur úr býtum í kaffibarþjónakeppninni World Brewers Cup í Kaupmannahöfn nýlega. Frammistaðan tryggir honum þátttöku í heimsmeistarakeppni í Hollandi í júní.

Torfi Þór starfar á kaffibarnum Coffee Collective, á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.

– gun / sjá Allt í miðju blaðsins

Björgólfur Thor Björgólfsson:

## Mun svara skýrslu Alþingis

**FÓLK Björgólfur Thor Björgólfsson segist ætla að svara rangfærslum um sig í Rannsóknarskýrslu Alþingis á næstunni. Frá þessu greinir hann í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.**

**Björgólfur segist hafa bundið vonir við að skýrslan markaði nýtt upphaf. Hann hafi talið það allra hag að hann sendi ekki frá sér athugasemdir um skýrsluna þegar hún kom út því hún hefði átt að vera upphafsreitur uppbyggingar. Ekkert hafi þó breyst frá því hún kom út og því sé kominn tími til að skýra málstað sinn.**

**Hann hefur farið fram á það við forseta Alþingis að athugasemdir hans birtist á vef skýrslunnar.**

– þeb / sjá síðu 15

## veðrið í dag





**ÚRKOMUSAMT** Vaxandi S-átt, víða 8-15 m/s en 10-18 S- og V-til í kvöld. Rigning en þurrt að mestu NA-til. Hiti 4-10 stig.

VEÐUR 4





VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
Max bæklingur fylgir blaðinu í dag!
MAX RAFTÆKI

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

## SPURNING DAGSINS



*Jóhannes, er þetta Jóhannes Haukur á sterum?*

„Nei, þetta Jóhannes Haukur sem lyftir sex sinnum í viku og borðar mysuprótein.“

Líkamlegt atgervi Jóhannesar Hauks Jóhannessonar leikara hefur tekið stórfelldum breytingum undanfarna mánuði. Jóhannes býr sig undir hlutverk handrukkara í kvikmynd eftir skáldsögunni Svartur á leik.

Stjórnvöld geta leitt til þess að þekking í jarðhitamálum hverfur í tímans rás:

# Ríkið rekur nagla í líkkistuna

**IÐNAÐUR** Nýlegt frumvarp ríkisstjórnarinnar sem styttir nýtingartíma orkuauðlinda er meðal síðustu naglanna í líkkistu jarðhitanýtingar. Þetta segir Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS Orku.

Hann var með erindi í gær hjá Jarðhitafélagi Íslands um stöðu orkunýtingar ásamt Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og fleirum. Þar gagnrýndi hann harkalega stefnu stjórnvalda og „hringlandahátt“ í orkumálum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þrjátíu ára leigutíma jarðhitaauðlinda og megi að þeim tíma liðnum semja um tuttugu ára nýtingu til viðbótar. Til viðbótar því þurfi að semja um auðlindagjald.



JÚLÍUS J. JÓNSSON

Júlíusi finnst tíminn allt of skammur. „Mér finnst með öllu óskiljanlegt hvernig unnt er að setja fram slíkar hugmyndir í fullri alvöru,“ sagði hann. Júlíus sagði stjórnmálaleiðtoga tala fjálglega um yfirburðaþekkingu Íslendinga í jarðhitamálum í hátíðarræðum. Þrátt fyrir það sé tiltölulega lítill hópur sem vinni í geiranum. Gangi stefna stjórnvalda eftir muni hann deyja út og taka þekkinguna með sér í gröfina.

„Án þess að í landinu sé rekin öflug jarðhitavinnsla og rannsóknir og þannig öflugur heimamarkaður fyrir okkar vísindamenn, sem við höfum talið hafa yfirburðarþekkingu, mun það heyra sögunni til,“ sagði hann. - jab

Búrkubann í gildi í Frakklandi:

## Kona sektuð um 25 þúsund

**FRAKKLAND Franska lögreglan hefur í fyrsta skiptið sektað konu fyrir að hylja andlit sitt með búrku. Konan sem var stöðvuð inni í verslunarmiðstöð í París í fyrradag fékk tæplega 25 þúsund króna sekt.**

**Á mánudaginn gengu í gildi umdeild lög í Frakklandi sem banna íslömskum konum að klæðast búrkum á almannafæri. Búist er við því að lögmæti laganna verði borin undir Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg.** - th

Jeppaeigendur læra á landið:

## Yfir 500 fá hálendisuppeldi

**FERÐALÖG Minnst 500 manns hafa fengið hálendisuppeldi hjá Ferðaklúbbnum 4x4 í vetur. Stórhækkað eldsneytisverð virðist engin áhrif hafa á aðsóknina, sem hefur verið vaxandi síðan í fyrravetur.**

**Þetta segir Ólafur Magnússon, formaður Litlunefndar 4x4, um eftirsóttar kennsluferðir ferðaklúbbsins um hálendi Íslands.**

**Í ferðunum er byrjendum í fjallamennsku á óbreyttum jeppum kennd undirstöðuatriði í öruggri ferðamennsku og rétt umgengni um land sitt, en vegna mikillar aðsóknar varð að takmarka fjölda jeppa í hverri ferð við 50 bíla.** - þlg / sjá Allt í miðju blaðsins



ÁGÚST MAGNÚSSON Er nú sakaður um að hafa brotið gegn misþroska manni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barnaníðingur neitar sök:

## Tölva Ágústs nú til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Ágúst Magnússon neitar því að hafa misnotað ungan misþroska mann kynferðislega. Hann situr ekki í gæsluvarðhaldi en lögregla rannsakar nú tölvugögn hans.

Maðurinn sem Ágúst er grunaður um að hafa misnotað er 19 ára, fæddur árið 1992. Frá því var greint í Kastljósi á mánudag að Ágúst hefði verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn honum.

Ágúst mun hafa komist í kynni við manninn á einkamál.is, ekið með hann á afskekktan stað og brotið gegn honum kynferðislega. Málið var kært í janúar. - sv



HAMINGJUÓSKUM RIGNDI INN Síminn stoppaði ekki í gær hjá Gyrði Elíassyni, sem tók við hamingjuóskum og svaraði fyrirspurnum fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikils virði fyrir Gyrði

**Gyrðir Elíasson hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í gær fyrir smásagnasafnið Milli trjánna. Hann er sjöundi Íslendingurinn sem fær verðlaunin. Gyrðir vonast eftir að þýðingum á verkum hans fjölgi í kjölfarið.**

**BÓKMENNTIR** „Ég bjóst alls ekki við að fá verðlaunin og ætlaði eiginlega ekki að trúa því þegar ég fékk fréttirnar,“ sagði Gyrðir Elíasson rithöfundur sem hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir smásagnasafn sitt Milli trjánna. Gyrðir segir ánægjulegt að fá verðlaunin. „Það skiptir máli að fá svona viðurkenningu, er bæði ánægjulegt og hvatning. Þó að maður fari auðvitað mest eftir eigin innri forsendum þegar maður er að skrifa þá vonast maður alltaf eftir viðbrögðum þegar bækur fara út á meðal fólks, það er bara þannig.“

Spurður um hvaða áhrif verðlaunin muni hafa segist Gyrðir gera ráð fyrir því að þau liðki fyrir útgáfu á verkum hans á Norðurlöndunum. „Þýðingar á bókum mínum yfir á önnur Norðurlandamál hafa legið niðri í fimmtán ár sem hafa verið ákveðin vonbrigði, en nú verður vonandi breyting á því,“ segir Gyrðir sem var einmitt á leið til fundar við dankan þýðanda sinn, Erik Skyum-Nielsen, til að ræða um þýðingu verðlaunabókarinnar Milli trjánna. „Það er ekki komið á hreint hvaða forlag mun gefa hana út en nokkur hafa sýnt áhuga,“ segir Gyrðir.

Milli trjánna kom út á Íslandi haustið 2009 og hlaut lofsamlega dóma gagnrýnenda. „Milli trjánna er verk samið af höfundi, sem hefur náð fullkomnum tökum á list sinni,“ sagði meðal annars í fimm stjörnu dómi Fréttablaðsins.

Gyrðir Elíasson er sjöundi íslenski rithöfundurinn sem hlýtur Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Verðlaunin verða afhent á þingi Norðurlandaráðs 2. nóvember. Verðlaunaféð er 350 þúsund danskar krónur, tæplega 7,7 milljónir íslenskra króna skattfrjálst.

sigridur@frettabladid.is

Eldsneytisverð hækkar enn:

## Bensínið kostar nú 240 krónur

**NEYTENDUR** Verð á eldsneyti hækkaði um þrjár krónur á lítrann í gær. Lítrinn kostar nú 239,80 krónur hjá Skeljungi, þar sem það er dýrast. Ódýrast er bensínið hjá Orkunni, þar sem lítrinn kostar 235,10 krónur.

Þónokkur samdráttur hefur orðið í umferð á síðustu misserum, samkvæmt nýlegum mælingum Vegagerðarinnar. Umferð um höfuðborgarsvæðið dróst saman um 6,3 prósent milli marsmánaða 2010 og 2011. Þar dróst mest saman á Hafnarfjarðarvegi eða um rúmlega 8 prósent.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa lýst yfir áhyggjum vegna hækkandi eldsneytisverðs og skaðleg áhrif þess á ferðaþjónustuna hér á landi. - sv

Hefur verið sagður heilsuveill:

## Hosni Mubarak fékk hjartaáfall

**EGYPTALAND Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, var lagður inn á spítala í Sharm el-Sheikh í gær eftir að hafa fengið hjartaáfall.**



HOSNI MUBARAK

**Mubarak fór frá völdum 11. febrúar síðastliðinn eftir byltingu. Honum og fjölskyldu hans hefur verið bannað að yfirgefa landið.**

**Talið hefur verið að Mubarak, sem er 82 ára, hafi verið við slæma heilsu en aðstoðarfólk hans hefur hingað til neitað því.**

**Hann á að mæta í yfirheyrslur hjá saksóknara landsins vegna spillingar og morða á mótmælendum.** - þeb






Íslensk fjölskylda hefur borgað 140.000 krónur vegna Græna korts happdrættis:

# Varað við þjónustufyrirtækjum

**UTANRÍKISMÁL** Ásgeir Snær Vilhjálmsson læknir hefur greitt fyrirtækinu USAGC Organization um 140 þúsund krónur vegna umsóknar í svonefnt Green Card Lottery. Fyrirtækið gefur sig út fyrir að þjónusta viðskiptavini sína með því að útbúa umsókn fyrir þá í happdrættið, The Diversity Visa Lottery Program (DVLP), þar sem bandaríska ríkið dregur árlega út vinningshafa sem fá græna kortið. Bandaríska sendiráðið varar fólk við svona þjónustu og ábyrgist fyrirtækin ekki á neinn hátt.

Ásgeir segir að á sig hafi runnið tvær grímur þegar hann las grein Fréttablaðsins á mánudag, sem greindi frá Íslendingi sem lenti í klóm erlendrar svikamyllu vegna sama máls. „Ég fékk algjört sjokk,“ segir Ásgeir, sem sendi USAGC strax póst sem lýsti áhyggjum hans.

Bandaríska sendiráðið segir starfsemi þessa tiltekna fyrirtækis ekki ólöglega, en hún sé þó óþörf. Verið sé að taka greiðslu fyrir hluti sem viðskiptavinir geta vel gert sjálfir.

„Einkarekin fyrirtæki geta boðið þjónustu til þess að aðstoða fólk í umsóknarferlinu, en bandaríska ríkið ábyrgist þessi fyrirtæki ekki og hvetur umsækjendur að fara afar varlega í samskiptum sínum við þau,“ segir Laura J. Gritz, talsmaður bandaríska sendiráðsins. „Þjónusta þessara fyrirtækja hefur engin áhrif á ákvarðanatöku ríkisins varðandi úthlutun atvinnuleyfa.“ - sv



SVIKAMYLLAN Starfsmenn svikamyllunnar USAFIS.org reyndu að ná 16 milljónum króna út af kreditkortareikningi Íslendings í síðustu viku með lof um þátttöku í happdrætti fyrir Græna kortið.

# LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

20. MAÍ – 5. JÚNÍ



Einstakt tækifæri til að hlýða á ljóðaperlur í túlkun hinnar stórkostlegu söngkonu Barböru Bonney á einsöngstónleikum hennar á Listahátíð.
Píanóleikari: Tomas Schuback.

**Efnisskrá:**

**Robert Schumann**
Dichterliebe, op. 48

**Edvard Grieg**
Frau Monte Pincio / Med en vandlilje / Prinsessen / En svane / Våren

**Richard Strauss**
Vier letzte Lieder / Frühling / September / Beim Schlafengehen / Im Abendrot

„Topp-tækni, topp-innlifun, breidd og fjölbreytni í raddbeitingu allan skalann frá telpu í valkyrju" **Morgunblaðið**

„Kristaltær og ljóðræn" **Gramophone**

„Dásamleg sópranrödd sem hljómar eins og sjálft vorið" **The New York Times**

„Dýptin, hlýjan og skilningurinn bak við orðin eru einstök" **Bergþór Pálsson**

Ein ástsælasta sópransöngkona heims

# BARBARA BONNEY

í Hörpu, Eldborg, 5. júní kl. 20

**Tryggðu þér miða!**

528 5050 | www.listahatid.is | www.harpa.is

Landsvirkjun · SAMSKIP · PÓSTURINN · Iceland Express · CENTER HOTELS · FRÉTTABLAÐIÐ

## GENGIÐ 12.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,38 | 112,92 |
| Sterlingspund | 182,76 | 183,64 |
| Evra | 162,51 | 163,41 |
| Dönsk króna | 21,786 | 21,914 |
| Norsk króna | 20,626 | 20,748 |
| Sænsk króna | 17,919 | 18,023 |
| Japanskt jen | 1,3317 | 1,3395 |
| SDR | 179,25 | 180,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,0959

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Á síðustu fimmtíu árum hafa vantrauststillögur á ríkisstjórn og ráðherra verið bornar upp fjórtán sinnum:

# Vantrauststillögur hafa alltaf verið felldar

**STJÓRNMÁL** Vantrauststillaga sjálfstæðismanna á ríkisstjórnina, sem rædd verður á Alþingi í dag, er fjórtánda vantrauststillagan sem borin er fram í þinginu á hálfri öld.

Síðast var slík tillaga lögð fram í nóvember 2008 gagnvart ríkisstjórn Geirs H. Haarde. Flutningsmenn voru formenn stjórnarandstöðuflokkanna; Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir og Guðjón A. Kristjánsson. Eftir fimm klukkustunda umræðu var tillagan felld. Tveimur mánuðum síðar var ríkisstjórnin farin frá.

Árið 1994 var borið fram vantraust á alla ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Flutningsmenn voru Ólafur Ragnar Grímsson, Finnur Ingólfsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Davíð taldi tillöguna brjóta í bága við rótgróna þingvenju og lagði fram frávísunartillögu sem var samþykkt.

1989 var felld vantrauststillaga stjórnarandstöðunnar á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, árið áður tillaga gagnvart ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og árið 1984 tillaga um vantraust á fyrstu stjórn Steingríms Hermannssonar.

1982 flutti þingflokkur Alþýðuflokksins vantrauststillögu á ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen. 29 greiddu atkvæði með en 31 á móti.



**FELLT** Niðurstaða atkvæðagreiðslu um vantraust á ríkisstjórnina haustið 2008.

Á árunum 1961 til 1976 var átta sinnum borið fram vantraust á ríkisstjórnir en það jafnan fellt. Vorið 1974 baðst ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar þó lausnar nokkrum dögum eftir að vantraust var rætt í þinginu.

Tillaga sjálfstæðismanna nú er sjöunda vantrauststillagan sem borin er upp í þingtíð Jóhönnu Sigurðardóttur og sú fjórða sem borin er upp á ríkisstjórn sem hún situr í.

Steingrímur J. Sigfússon hefur tvisvar borið fram vantrauststillögu á ríkisstjórn sem Jóhanna hefur setið í. **-bþs**


**FJÖR Í HÚSDÝRAGARÐINUM** Börn af leikskólanum Fossakoti í Grafarvogi skoðuðu lömbin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sauðburður í Laugardalnum:

## Börn skoða nýborin lömb

**NÁTTÚRA Sauðburður er hafinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal. Börn af leikskólanum Fossakoti í Grafarvogi skoðuðu lömbin í gær.**

**Fyrstu lömbin litu reyndar dagsins ljós um síðustu mánaðamót þegar ærin Surtla bar einni svartflekkóttri gimbur. Í síðustu viku hófst geitaburður í garðinum þegar huðnan Snotra varð fyrst huðna til að bera. Hún bar tveimur gráflekkóttum höfrum.** **- th**

Skagalögregla fann bruggara:

## Lagði hald á 217 lítra af bruggi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akranesi lagði hald á liðlega 200 lítra af gambra og 17 lítra af landa í vikunni. Vísbendingar höfðu borist um að bruggun stæði yfir í íbúð í bænum.

Lögreglumenn knúðu þar dyra og fundu brugglykt þegar opnað var. Húsráðandi var nú ekki á því að hleypa lögreglumönnum inn í fyrstu en gaf sig eftir nokkrar samræður. Lagt var hald á bruggið auk tækja og tóla.

# Svíar lýsa yfir stuðningi

**Stuðningur Svía við framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS er í höfn. Enn standa viðræður við Standard & Poor's um mat á lánshæfi. Orð forseta Íslands á Bloomberg hleyptu illu blóði í greinendur.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, fóru yfir stöðu íslenskra efnahagsmála og stuðning Svía við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave á laugardag.

Í samtali þeirra gaf Reinfeldt fyrirheit um stuðning við Ísland og er framgangur áætlunarinnar því svo gott sem tryggður, að því gefnu að hollensk stjórnvöld verði ekki Þrándur í Götu eins og þau hafa hótað.

Svíar kröfðust þess á sínum tíma að Icesave-deilan yrði leyst áður en Ísland fengi fyrirgreiðslu frá AGS.

Vonir stóðu til þess í gær að stuðningsyfirlýsing Svía myndi vega þungt í viðræðunum við lánshæfismatsfyrirtækin, einkum Standard & Poor's, um að fresta því að gefa út nýtt mat fyrir íslenska ríkið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þóttu þær viðræður ganga býsna vel á mánudag, þótt viðtal forseta Íslands við Bloomberg, þar sem hann gagnrýndi vinnubrögð lánshæfismatsfyrirtækjanna, hefði hleypt illu blóði í greiningaraðila og valdið hnökrum í samskiptum.

Jóhanna ræddi stöðuna sem upp er komin á Alþingi í gær og hafði eftir fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hefði ekki bein áhrif á framgang efnahagsáætlunarinnar að öðru leyti en því að næsta fyrirtaka tefðist óhjákvæmilega. „Vonandi þó ekki lengur en fram í miðjan maí," sagði hún.

Enn fremur sagði hún að Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefði fengið það verkefni að setja saman hóp innlendra og erlendra lögmanna og ráðgjafa, meðal annars úr já- og nei-hreyfingunum sem tókust á í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar, til að styðja við málstað Íslands í deilunni fyrir EFTA-dómstólnum.

Þá sagði Jóhanna að það væri einlæg von hennar „að sú staða sem nú er uppi hafi ekki mikil áhrif á einstök stórverkefni, svo sem Búðarhálsvirkjun." **- sh, bþs**


**BJARTSÝN** Jóhanna sagðist bjartsýn á að framgangur efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins yrði tryggður á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Stjórnvöld óttast efnahagsþvinganir af hálfu Hollendinga

Fjármálaráðherra Hollands, Jan Kees de Jager, las Íslendingum pistilinn vegna Icesave-málsins á hollenska þinginu í gær.

Í yfirlýsingu sem hann hefur sent þinginu vegna málsins kemur fram að þarlend stjórnvöld íhugi að beita Íslendinga efnahagsþvingunum til að knýja fram greiðslur, og að þau muni jafnframt standa við bakið á þeim 200 sparifjáreigendum sem áttu meira en þær 100 þúsund evrur sem hollensk yfirvöld tryggðu á Icesave-reikningunum og hyggjast reyna að sækja innistæður umfram 100 þúsund evra tryggingu til Íslendinga, ekki aðeins lágmarkstrygginguna.


JAN KEES DE JAGER

De Jager sagði Hollendinga myndu beita áhrifum sínum innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að tryggja endurgreiðslur frá íslenska ríkinu og setti málið enn fremur í beint samhengi við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru íslensk stjórnvöld uggandi vegna harkalegra viðbragða Hollendinga, ekki síst hótana um efnahagsþvinganir. Þar vísa Hollendingar til 111. greinar EES-samningsins, sem kveður á um að ágreining um túlkun ákvæða samningsins megi bera upp við Sameiginlegu EES-nefndina, en ef ekki fáist úr honum skorið á þeim vettvangi sé hægt að grípa til „öryggisráðstafana" á borð við að stöðva vöruflutninga og setja jafnvel hömlur á fjármálastarfsemi. **- sh**




## VEÐURSPÁ


**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LEIÐINDAVEÐUR**
Það er ekki hægt að segja annað en að veðrið verði leiðinlegt næstu daga. Stíf sunnanátt með rigningu sunnan og vestan til í dag en síðan skúrum eða éljum á morgun og hinn. Hitinn breytist lítið en á föstudag kólnar í veðri.



**Á MORGUN**
10-18 m/s
Hvassast vestan til.

**FÖSTUDAGUR**
Stíf SV-átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 17° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 9° |
| París | 15° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Vinsælustu Nokia farsímarnir hjá Nova!



Snertiskjár og lyklaborð

1.790 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia C2-01**

**19.990 kr./stgr.**

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

2.690 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia X3-02**

**29.990 kr./stgr.**

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

2.690 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia 5230**

**29.990 kr./stgr.**

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

Maps



Páskaegg nr. 4 og 500 kr. símnotkun á mánuði í 6 mánuði fylgir!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

DAGUR & STEINI

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að ferðast innanlands í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 71% |
| Nei | 29% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Sérðu eftir Guðfríði Lilju Grétarsdóttur úr stóli þingflokksformanns Vinstri grænna?*

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Hagvöxtur í heiminum verður 4,4 prósent í ár segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

# Aðstæður spegla drauga fortíðar

**EFNAHAGSMÁL** Horfur eru á auknum efnahagsbata í heiminum þótt ójafnvægi sé í batanum, að því er fram kemur í nýrri heimshagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

Spáin gerir ráð fyrir að á þessu ári og næsta verði hagvöxtur í heiminum 4,4 prósent. Atvinnuleysi er sagt verða mikið áfram og að í nýmarkaðsríkjum sé ákveðin hætta á ofhitnun hagkerfa.

Í skýrslu AGS sem kom út í byrjun vikunnar eru umbætur á fjármálamarkaði, vöxtur í nýmarkaðs- og þróunarríkjum og bættar horfur í þróuðum iðnríkjum, sagðar ýta undir bjartsýni varðandi hagvöxt árin 2011 og 2012. Uppnám á olíumarkaði er engu að síður sagt ógna efnahagsbata.

„Áhyggjurnar snúast núna um hrávöruverð," sagði Olivier Blanchard, yfirhagfræðingur AGS, við kynningu á efnahagshorfunum. „Verðið hefur hækkað meira en búist var við og endurspeglar samspil aukinnar eftirspurnar og áfalla sem hamlað hafa framboði." Aðstæðurnar segir hann draga fram drauga stöðnunar áttunda áratugarins, en ólíklegt sé að efnahagsbati fari úr skorðum vegna þessa. **- óká**



**Á BLAÐAMANNAFUNDI** Olivier Blanchard, yfirhagfræðingur AGS, kynnir hagspá fyrir heiminn. AGS/STEPHEN JAFFE

Búist við minna atvinnuleysi:

# Tæplega 14.000 atvinnulausir

**ATVINNUMÁL Atvinnuleysi í mars mældist 8,6 prósent en að meðaltali voru 13.757 manns atvinnulausir í mánuðinum.**

**Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysið í apríl minnki frá marsmánuði og verði á bilinu 8,1-8,5 prósent. Þetta kemur fram í yfirliti Vinnumálastofnunnar um ástandið í atvinnumálum. Þar kemur fram að í apríl í fyrra var atvinnuleysi 9 prósent, en 9,3 prósent í mars það ár. Því hefur dregið nokkuð úr atvinnuleysinu miðað við árið í fyrra.**




# Mikilvægt að aflétta gjaldeyrishöftunum

**Botni kreppunnar er náð og efnahagslífið að rétta úr kútnum. Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank, segir árangur stjórnvalda í ríkisfjármálum eftirtektarverðan. Mikilvægt sé að halda stefnunni óbreyttri.**

**EFNAHAGSMÁL** „Aðstæður hér líta mun betur út en árið 2006. Auðvitað líður mörgum illa. En það er vegna þess að þið eruð á botninum," segir Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank.

Deildin gaf í gær út skýrslu um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi næstu tvö árin. Christensen var gestur á morgunverðarfundi VÍB, eignastýringar Íslandsbanka, þar sem hann kynnti skýrsluna. Þetta er önnur skýrsla deildarinnar og öllu jákvæðari en sú sem Danske Bank gaf út fyrir fimm árum.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir 2,9 til 3,7 prósenta hagvexti til 2013, afgangi af vöruskiptum og aukinni einkaneyslu. Á hinn bóginn eru líkur á að atvinnuleysi haldist hátt út spátímabilið, verði 9,4 prósent í árslok 2013.

Lars Christensen segir landsmenn verða að búa sig undir að atvinnuleysi verði áfram hátt hér, ólíklegt sé að það fari niður í 1,1 prósent líkt og þegar það var í lágmarki fyrir fimm árum.

„Hagkerfið var of þanið árið 2006 og atvinnuleysi allt of lítið. Ég tel útilokað að atvinnuleysi muni fara niður í 1 til 2 prósent aftur. Í eðlilegu árferði gæti það legið nær 5 til 6 prósentum," segir Christensen. Hann varar við tvennu: í fyrsta lagi verði að gera allt til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Í öðru lagi megi ekki grípa til handvirkra aðgerða til að draga úr atvinnuleysi. Það geti boðið hættunni heim.

„Stjórnvöld hafa náð eftirtektarverðum árangri í ríkisfjármálum, skuldir hins opinbera hafa lækkað mikið síðastliðin tvö ár og það hefur aukið mjög trúverðugleika landsins í augum fjárfesta. Ef þið slakið á aðhaldi í ríkisfjármálum til að draga úr atvinnuleysi er hætt við að efnahagsbatanum seinki," segir Lars Christensen og viðurkennir að hann styðji skattahækkanir ríkisstjórnarinnar til að lækka á skuldum hins opinbera.



**LARS CHRISTENSEN** Ef slakað er á í ríkisfjármálum til að draga úr atvinnuleysi er hætt við að efnahagsbatanum seinki, segir forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þetta sagði Danske Bank árið 2006

- Hvergi er jafn mikil þensla innan aðildarríkja OECD og á Íslandi.
- Atvinnuleysi er 1,0 prósent, hagvöxtur 7,0 prósent og verðbólga yfir 4,0 prósentum þrátt fyrir lágt gengi íslensku krónunnar.
- Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti í rúm 10 prósent. Miðað við aðstæður í íslensku efnahagslífi og þær upplýsingar sem við höfum má búast við að landsframleiðsla dragist saman um 5 til 10 prósent á næstu tveimur árum. Með yfirvofandi gengishruni má búast við að verðbólga fari yfir tíu prósent.

Hann bendir á að alþjóðleg matsfyrirtæki muni fremur horfa til skárri skuldastöðu landsins nú en áður og árangurs í ríkisbúskapnum en þess að Icesave-samningurinn hafi verið felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu og ekki færa lánshæfi landsins niður í ruslflokk.

Gjaldeyrishöftin segir Christensen helsta dragbít efnahagsbatans. „Seðlabanki Íslands er með svo stóran gjaldeyrisvaraforða að hann getur aflétt hraðar en áætlanir gera ráð fyrir. Við það ættu óþolinmóðir fjárfestar að fara út. En það er ekkert sem segir að þeir muni gera það. Þegar þeir fara má reikna með að krónan gefi eftir í einhvern tíma. En eftir það ætti hún að styrkjast á ný," segir Christensen og viðurkennir að hann geti vel hugsað sér að mæla með Íslandi sem fjárfestingarkosti – en þó aðeins eftir að höftum hafi verið aflétt. **jonab@frettabladid.is**

## Ummæli sem féllu eftir skýrslu Danske Bank árið 2006

**Ráðherrar, seðlabankastjórar, háskólaprófessorar og stjórnendur gömlu bankanna gagnrýndu harkalega skýrslu Danske Bank sem kom út árið 2006. Höfundar skýrslunnar voru sagðir ekki skilja stöðu mála hér og vinnubrögðin væru hroðvirknisleg.**

„Þeir taka tölur upp úr Peningamálum Seðlabankans og nota þær til að spinna alls konar villtar fantasíur sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Þessi skýrsla getur ekki staðist nokkrar gæðakröfur."

*Ásgeir Jónsson, aðalhagfræðingur Kaupþings.*

„Ég held nú að Danirnir hafi nú eitthvað aðeins verið að flýta sér… Ég held að grunnvandinn sé nú kannski sá að þessi umsvif íslenskra fyrirtækja og banka sérstaklega er eitthvað sem nágrannar okkar eru ekki vanir og þekkja ekki til og þess vegna eru þeir afskaplega tortryggnir."

*Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.*

„… vænti ég þess að á ársfundi bankans eftir fáeina daga komi fram upplýsingar sem sýni að þarna eru menn á villigötum."

*Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri.*

„… maður veltir því fyrir sér hvort það séu samkeppnissjónarmið sem ráða þeirra för eða hvort sjálfsmynd Dana hafi eitthvað rispast eftir að Íslendingar fóru að fjárfesta í stórum stíl í Danmörku."

*Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.*




HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
FRUMSÝNUM
GLÆNÝJAN HYUNDAI
ix20
HYUNDAI ix20
ix20
Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai ix20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai ix20, hann á eftir að koma þér á óvart.
Verð: 3.490.000 kr. (sjálfskiptur)
Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100km
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað kostaði samningagerðin vegna Icesave?*

**2.** *Hver er formaður nýrrar stjórnar MP banka?*

**3.** *Hvar var leikarinn Jake Gyllenhaal við upptökur á sjónvarpsþætti um síðustu helgi?*

**SVÖR**

*1. 369 milljónir króna. 2. Þorsteinn Pálsson. 3. Á Eyjafjallajökli og Fimmvörðuhálsi.*

Áfram fólksfækkun hjá þjóðkirkjunni um leið og fjölgar í öðrum kristilegum söfnuðum á Íslandi:

# Fólki utan trúfélaga fjölgar um 40 prósent

**TRÚMÁL** Íslendingum utan trúfélaga hefur fjölgað um 40 prósent milli ára og voru þeir um áramót 11.868 talsins, um 4,4 prósent landsmanna 18 ára og eldri, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Fólki sem skráð er í Þjóðkirkjuna hefur fækkað milli ára undanfarin ár. Um áramót voru 183.697 skráðir í þjóðkirkjuna, um 77,2 prósent landsmanna 18 ára og eldri. Ári áður voru 186.697 skráðir í þjóðkirkjuna, 78,8 prósent fólks 18 ára og eldra. Á sama tíma fjölgar fólki í öðrum kristilegum trúfélögum. Um áramót voru 12.500 skráðir í fríkirkjusöfnuði, um 5,3 prósent landsmanna yfir 18 ára aldri.

Fólki sem skráð er í kaþólsku kirkjuna fjölgaði um 5,9 prósent milli ára. Nú eru 6.905 skráðir í kirkjuna, um 3,2 prósent landsmanna sem náð hafa 18 ára aldri.

Hlutfallslega hefur mest aukning verið í Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, 28,5 prósent milli ára. Safnaðarmeðlimir 18 ára og eldri voru 334 um áramót. Skráðum félögum í Krossinum fækkaði um 11,8 prósent milli ára, og voru um áramót 398 eldri en 18 ára skráðir í trúfélagið. **- bj**

### Mannfjöldi eftir trúfélögum 2010-2011

**Fólki sem skráð er í Þjóðkirkjuna fækkar milli ára.**




Heimild: Hagstofa Íslands


Hvaða sparnaður hentar best á ólíkum æviskeiðum?

**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld** hjá Landsbankanum og nú eru í gangi námskeið sem fjalla um sparnað á ólíkum tímum á lífsleiðinni. Námskeið verður haldið 14. apríl kl. 20 í Landsbankanum Grafarholti, Vínlandsleið.



Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans.

**Aðgengileg umfjöllun um sparnað**

Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans, ræðir hvernig best er að haga sparnaði um ævina. Kristinn Tómasson, forstöðumaður fjármálaráðgjafar, ræðir um almennan lífeyrissparnað og Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar, spyr hvort hagfræðin skipti máli í daglegu lífi.

Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Allir velkomnir.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280




**SJÁLFBOÐALIÐAR** Hús í tuttugu kílómetra radíus frá kjarnorkuverinu í Fukushima hafa verið rýmd. Sjálfboðaliðar aðstoða við að koma mat og öðrum nauðsynjum til fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aukinn viðbúnaður vegna kjarnorkuversins í Japan:

# Geislunin langtum minni en í Tsjernobyl

**JAPAN, AP** Japönsk stjórnvöld hækkuðu í gær viðbúnaðarstig vegna leka frá kjarnorkuverinu í Fukushima af fimmta stigi upp á sjöunda stig. Það er sama viðbúnaðarstig og ríkti þegar Tsjernobyl-kjarnorkuverið í Úkraínu bræddi úr sér árið 1986.

Hækkandi viðbúnaðarstig er vegna uppsafnaðs leka frá kjarnorkuverinu frá því að það skemmdist verulega í flóðbylgjunni sem skall á ströndum Japans fyrir rúmum mánuði. Naoto Kan, forsætisráðherra Japans, sagði í gær að heldur væri að draga úr lekanum.

Þrátt fyrir að viðbúnaðarstigið sé það sama og í Tsjernobyl mælist geislun frá Fukushima-kjarnorkuverinu um tíundi hluti þess sem mældist eftir að kjarnorkuverið í Tsjernobyl bræddi úr sér.

„Við biðjum almenning, fólk sem býr í nágrenni kjarnorkuversins og alþjóðasamfélagið afsökunar á því að bera ábyrgð á svo alvarlegu slysi,“ sagði Yukio Edano, talsmaður japanskra stjórnvalda.

Kjarnorkuslys á sjöunda stigi telst mjög alvarlegt og hefur mikil áhrif á umhverfi og heilsu samkvæmt skilgreiningu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. **- bj**





**með Miele**

**Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



**kr.: 24.900**
**Verðlistaverð kr.: 33.200**

**Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur eru** sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

*Farðu alla leið með Miele*

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

ÓDÝRT OG GOTT

# FYRIR BAÐIÐ



Allt settið:
49.900
stgr.

P029 100 x 50 sm



Allt settið:
99.800
stgr.

YTG03 122x50sm



Allt settið:
29.900
stgr.

CORNER B 40x40sm

til afgreiðslu af lager

## heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir

Heill, lokaður hornlisti




52.900
stgr.

Lausar hlífar framan á botni

KANTAÐUR, STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

52.900
stgr.

Lausar hlífar framan á botni

RÚNNAÐUR, STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90



Allt settið:
43.900
stgr.

P628 60 x 46 sm



75.900*
stgr.

YTG44 95 x 46 sm

*Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11–15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**ELDHRINGUR** Lögreglumaður frá Gujarat-héraði á Indlandi stekkur í gegnum eldhring. Lögreglumaðurinn og félagar hans búa sig undir stóra sýningu eftir viku. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan í Kaupmannahöfn handtók meintan höfuðpaur í stóru fíkniefnamáli:

# Tók rúmt tonn af kannabisefnum

**DANMÖRK** Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn í fyrrakvöld í aðgerðum lögreglunnar í Kaupmannahöfn gegn fíkniefnasölum í Kristjaníu. Heima hjá manninum fundust 1.160 kíló af hassi og 232 kíló af maríjúana, sem hann geymdi í íbúð í Austurbrú. Maðurinn neitar sök.

Töluverð ólæti brutust út í Kristjaníu í kjölfarið og stóðu fram á morgun.

Lögreglan hafði haft manninn og samstarfsmenn hans lengi undir eftirliti. Auk þess að ráðast inn í íbúð hans réðst hún inn í hús í Kristjaníu þar sem samstarfsmenn mannsins voru handteknir. Þar voru 150 þúsund danskar krónur einnig gerðar upptækar sem og nokkuð magn eiturlyfja.

„Við vissum að þeir væru að telja peninga á þessum tíma dags svo við létum slag standa,“ segir Steffen Thaaning Steffensen, lögreglustjóri í Kaupmannahöfn.

Talið er að maðurinn hafi séð meira eða minna öllum fíkniefnasölunum í Kristjaníu fyrir kannabisefnum.

Alls voru átta manns handteknir í aðgerðunum. Þar á meðal bróðir mannsins, sem grunaður er um að vera höfuðpaur í málinu. **- kh**



**KAUPMANNAHÖFN** Maður sem talinn er hafa útvegað öllum fíkniefnasölum Kristjaníu efni var handtekinn í gær. MYND/ÚR SAFNI

Hryðjuverkaárás á lestarstöð:

# Nokkrir handteknir í Minsk

**HVÍTA-RÚSSLAND** Nokkrir hafa verið handteknir grunaðir um aðild að hryðjuverkaárás í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, í fyrradag. Ekki hefur verið greint frá því hversu margir.

Sprengja sprakk á lestarstöð á háannatíma á mánudagskvöld. Hún varð tólf að bana og 126 slösuðust. Innanríkisráðherra landsins sagði í gær að sprengjunni hefði verið ætlað að drepa eins marga og hægt væri. Talið er að hún hafi verið skilin eftir undir bekk á stöðinni. **- þeb**

**AÐALFUNDUR CCP hf.**

Aðalfundur CCP hf. kt. 450697-3469, verður haldinn 27. apríl 2011 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 10.00.

**DAGSKRÁ:**

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkta félagsins.

Undir dagskrárliðnum "breytingar á samþykktum" verður tekin fyrir eftirfarandi tillaga:

I. Tillaga stjórnar félagsins um að veita henni heimild í samþykktum til að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Heimildin gildi í 4 ár og má einungis nota í tengslum við efndir kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, sbr. 63. gr. (a) hlutafélagalaga nr. 2/1995. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

Stjórn CCP hf.

CCP



**SELJAVALLALAUG** Barmafull af sandi er laugin ekki árennileg fyrir sundkappa. MYND/LÁRUS SIGURÐSSON

Eyjafjallajökull fór óblíðum höndum um gamla laug:

# Seljavallalaug er að kaffærast í gosösku

**UMHVERFISMÁL** Hin fornfræga Seljavallalaug undir Eyjafjöllum er nú algerlega ónothæf vegna ösku frá gosinu í Eyjafjallajökli. Lárus Sigurðsson, sem var á ferð við Seljavallalaug í fyrradag og tók þessar myndir, segir ástandið sorglegt.

„Þessi náttúruperla er öll full af sandi, væntanlega eftir veturinn,“ segir Lárus, sem síðast skoðaði laugina í júlí í fyrra, þegar nokkuð var um liðið frá eldgosinu. „Þó hún væri slæm þá, svolítil drulla og sandur á botninum, þá var hún ekki nærri svona slæm.“

Lárus segir sandinn í lauginni svo mikinn að líklega þurfi gröfu til að tæma hana. „Þetta er orðið það mikill massi að hún nær engan veginn að hreinsa sig sjálf með þessu litla gegnumrennsli sem er þarna,“ segir hann. **- gar**



SIEMENS

Þú hittir beint í mark með Siemens.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Fiskifingur innkallaðir:

# Ómerktur ofnæmisvaldur

**NEYTENDUR** Euroshopper-fiskifingur í 900 gramma pappaöskjum hafa verið innkallaðir. Aðföng tók ákvörðun um innköllun eftir að staðfest var að varan innihélt afurð úr eggjum, sem ekki er tilgreind í innihaldslýsingu.

Egg og afurðir úr þeim eru meðal þekktra ofnæmis- og óþolsvalda og eru vörurnar varasamar fyrir ákveðna neytendahópa. Euro Shopper fiskifingur fengust í verslunum Bónuss og 10-11, en hefur verið tekin úr sölu á meðan merkingar eru endurbættar. - sv

Vísitala byggingarkostnaðar vitlaust reiknuð í ár vegna mistaka hjá Hagstofunni:

# Mistökin sögð hafa lítil áhrif á verðbólguna

**EFNAHAGSMÁL** Vegna mistaka hjá Hagstofu Íslands var vísitala byggingarkostnaðar rangt skráð frá því í mars í fyrra. Leiðrétting mun hækka verðbólgu í næsta mánuði um 0,1 til 0,2 prósent.

„Í hagskýrslugerð koma því miður óhjákvæmilega upp villur, en það er sjaldgæft að þær uppgötvist ekki í svo langan tíma," segir Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri. Samkvæmt endurútreikningi er vísitalan um fjórum prósentum lægri en hún á að vera.

Vísitala byggingarkostnaðar er notuð við útreikning á kostnaði við viðhald húsnæðis, sem aftur hefur áhrif á vísitölu neysluverðs. Ólafur segir áhrif á vísitölu neysluverðs, verðbólgu í landinu, óveruleg. Verðbólgan mun væntanlega hækka um 0,1 til 0,2 prósent í maí vegna leiðréttingar á mistökunum.

Framkvæmdasýsla ríkisins, Landsvirkjun, Vegagerðin og aðrir nota vísitölu byggingarkostnaðar til að verðtryggja ákveðna þætti í verðsamningum. Því gæti þurft að endurreikna samningsupphæðir og byggja þær á nýrri vísitölu um leið og Hagstofan hefur gefið út leiðrétta vísitölu síðar í mánuðinum. -bj



**HÆKKUN** Einhverjir verkþættir í útboðum eru verðtryggðir miðað við vísitölu byggingarkostnaðar og því líklegt að kostnaðurinn hækki eitthvað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórn Frjálslynda flokksins:

# Vilja frjálsar strandveiðar

**STJÓRNMÁL Stjórn Frjálslynda flokksins lýsir yfir miklum vonbrigðum með nýja reglugerð Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra um strandveiðar á komandi sumri.**

**„Áfram á að brjóta mannréttindi á íslenskum sjómönnum með vitund og vilja manna sem lofuðu í aðdraganda kosninga og í stjórnarsáttmála að gera gagngerar breytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi þannig að það stæðist alþjóðasáttmála," segir í ályktuninni.**

**Þá lýsir stjórn Frjálslynda flokksins undrun og hneykslun á vinnubrögðum stjórnvalda sem virðast hafa það eitt að markmiði að ná sáttum við SA/LÍÚ án þess að huga að því hvað kemur almenningi í landinu til góða.**

**Stjórn Frjálslynda flokksins skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar frjálsar.**

Þjófnaður í Eyjum:

# Stal innkaupapoka sem var fllur af mat

**LÖGREGLUMÁL** Poka fullum af matvælum var stolið af íbúa í Vestmannaeyjum síðasta þriðjudag. Eigandinn var að bera muni úr bifreið sinni upp tröppur sem liggja að íbúð hans á Bárustíg 66.

Hafði hann skilið ýmsa muni eftir á gangstéttinni á meðan hann fór upp í íbúðina. Þegar hann sneri svo aftur til þess að sækja það sem eftir var úti var búið að stela pokanum með matvælunum.

Ekki er vitað hver var að verki, en lögreglan óskar eftir upplýsingum frá bæjarbúum, hafi þeir orðið einhvers varir.





**50% Vildarpunktaafsláttur fyrir meðlimi American Express®**

*Einstakt tilboð til Icelandair American Express meðlima sem eru fljótir að hugsa!*
*Nýttu þér tækifærið og tvöfaldaðu virði Vildarpunktanna þinna og skelltu þér út!*
***ATH! Sala hefst kl. 09.00 13. apríl og stendur til miðnættis 14. apríl.***
***Takmarkað sætaframboð. Félagamiði gildir með þessu tilboði.***

- **Boston** *í júní* ~~50.000~~ **25.000 Vildarpunktar**
- **Berlín** *í júní og byrjun júlí* ~~42.000~~ **21.000 Vildarpunktar**
- **Hamborg** *í júní og byrjun júlí* ~~42.000~~ **21.000 Vildarpunktar**
- **Helsinki** *í maí og júní* ~~38.000~~ **19.000 Vildarpunktar**

*Flugvallarskattar og aðrar greiðslur ekki innfaldar og eru á bilinu 22.000–39.000 kr. eftir áfangastað.*

***Bókaðu Vildarferðina þína á þessum einstöku kjörum á heimasíðu Vildarklúbbs Icelandair, www.vildarklubbur.is***



*Kortið sem kemur þér út*

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

**www.americanexpress.is**





BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Aðalfundur Miðborgarinnar okkar

**Aðalfundur Miðborgarinnar okkar verður haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 14. apríl 2011 kl. 18.15**

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2010
2. Skýrsla gjaldkera fyrir árið 2010
3. Ákvörðun ársgjalda
4. Lagabreytingar
5. Kosning aðalfulltrúa
6. Kosning tveggja endurskoðenda
7. Önnur mál

Allir velkomnir.




# Dagforeldrum fjölgar hratt í höfuðborginni

**Alls hafa 23 nýir dagforeldrar tekið til starfa í Reykjavík á árinu. Voru 180 um áramót, eru nú 203. Borgin veitir 180 milljónir til eflingar stéttarinnar. Öllum börnum í Reykjavík sem eru fædd 2009 eru tryggð leikskólapláss á þessu ári.**

**MENNTAMÁL** Dagforeldrum í Reykjavík hefur fjölgað um 23 á síðustu þremur mánuðum. Fjöldi dagforeldra var 180 um áramót en nú eru starfandi 203 á höfuðborgarsvæðinu.

Sigrún Björnsdóttir hjá leikskólasviði Reykjavíkurborgar segir þessa fjölgun í dagforeldrum ánægjulega og hún þýði að hægt sé að bjóða á annað hundrað börnum dagforeldrapláss.


**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

„Við erum enn að fá töluvert af fyrirspurnum frá fólki sem vill gerast dagforeldar," segir Sigrún. Meira er um að dagforeldrar vinni saman og geti þar með tekið að sér fleiri börn í einu. Sigrún segir það fyrst og fremst vera bundið því að Reykjavíkurborg leigi þeim húsnæði til starfseminnar.

„Það hefur hjálpað að borgin hefur verið að leigja dagforeldrum húsnæði eins og gæsluleikvallahús og annað slíkt," segir hún.

Erfitt er að segja til um hversu mörg börn eru enn á biðlista þrátt fyrir þessa fjölgun, en gera má ráð fyrir nokkuð mörgum börnum sem bíða enn eftir plássi.

Reykjavíkurborg mun tryggja öllum börnum sem fædd eru árið 2009 leikskólapláss á árinu. Hafa foreldrar um 1.300 barna, sem fædd eru 2009 eða fyrr, fengið boð um leikskólavist eftir sumarleyfi í ágúst. Eftir er að innrita á bilinu 200 til 300 börn segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Oddný Sturludóttir, formaður menntasviðs, segir forgangsröðun hafa verið á þann veg að komið sé til móts við þennan stærsta

**203** dagforeldrar starfa nú á höfuðborgarsvæðinu.

árgang Íslandssögunnar. Ráðið verður í 55 ný stöðugildi í leikskólum fyrir haustið og horft er til þess að stækka eldri skóla með færanlegum húsum.

Áætluð fjárveiting í leikskólana vegna fjölgunar leikskólabarna eru um 300 milljónir króna. Alls dvöldu 6.865 börn í leikskólum Reykjavíkur í ársbyrjun, en talið er að leikskólarýmin verði 7.118 í lok ársins. Þá verður um 180 milljónum varið til eflingar dagforeldra.

Oddný segir þörfina fyrir fleiri pláss vera mesta í Vesturbæ, Miðborg og Laugardal. „Við erum að vega og meta hvernig fjármagnið fer út í hverfin og skoðum það eftir því hvar þörfin er mest," segir Oddný. Verið er að skoða kosti þess að nýta betur húsnæði í eigu borgarinnar, meðal annars með samnýtingu eldri árganga leikskóla í grunnskólahúsnæði.

sunna@frettabladid.is


**DAGMAMMA Í BORGINNI** Reykjavíkurborg mun leggja til 180 milljónir til þess að efla starfsstétt dagforeldra á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# GSI-gæðastjórnun í iðnaði

Fimmtudaginn 14. apríl kl. 16.00
á Hótel Selfossi

Í nýjum mannvirkjalögum er gerð sú krafa að meistarar og byggingastjórar noti gæðakerfi. Fyrirtækjum innan SI stendur til boða aðgangur að gæðakerfi, aðstoð og ráðgjöf.

**Meistarafélag Suðurlands stendur fyrir kynningarfundi þar sem Ferdinand Hansen, gæðastjóri Samtaka iðnaðarins kynnir kerfið.**

**Fundarstjóri:** Valdimar Bjarnason, formaður MFS

Allir iðnmeistarar á Suðurlandi eru velkomnir.

MFS býður upp á léttar veitingar.

MFS MEISTARAFÉLAG SUÐURLANDS

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is



# Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn

Del Monte Quality ®

Í gegnum tíðina hafa Íslendingar fullkomnað hátíðarmatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte

*Del Monte hefur kitlað bragðlauka fjölda kynslóða í yfir 115 ár*







GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ





Kjólar - verð frá 999
Jakkar - verð frá 499
Buxur - verð frá 999
Pils - verð frá 699
Bolir - verð frá 799

Rýmum fyrir nýrri vöru!
Allt á að fara!
Ótal vörur á brjáluðu tilboði!!

Plastkassi 15 lítra
Tilboðsverð 890
Verð áður 1.290



Kústur og fægiskófla
Tilboðsverð 99
Verð áður 499

Tilboðsverð 1.499
Joggingbuxur barna
Verð áður 1.990

# RÝMINGARSALA ÁRSINS



Verð 3.999
Stærðir 36-41



Verð 3.999
Stærðir 36-41



Verð 3.999
Stærðir 36-41



stærðir XS-XL

Business class skyrtur herra
Tilboðsverð 999
Verð áður 1.990



Saiko dömuúlpa
Tilboðsverð 3.990
Verð áður 7.999



Ýmsar hárvörur
Tilboðsverð 199
Verð áður 499




GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stefnumótun um öryggismál hefur verið vanrækt.

## Tímabær þjóðar-öryggisstefna

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi tillögu um skipan nefndar allra þingflokka, sem á að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Össur sagði í Fréttablaðinu í gær að markmið hans væri að ná þverpólitískri samstöðu um slíka stefnu, þannig að breytingar þyrftu ekki að verða á henni þótt skipt væri um ríkisstjórn.

Þessi stefnumótun er fullkomlega tímabær. Íslenzk stjórnvöld hafa vanrækt alltof lengi að móta sjálf þjóðaröryggisstefnu, þótt eitt af grunnhlutverkum sérhvers ríkis sé að tryggja öryggi borgaranna, eins og utanríkisráðherrann bendir réttilega á.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í löngu varnarsamstarfi við Bandaríkin voru varnar- og öryggismálin útvistuð og Ísland lét hjá líða að byggja upp eigin sérþekkingu og getu til stefnumótunar. Afleiðingin var sú að þegar aðstæður á alþjóðavettvangi höfðu gjörbreytzt og þörf var á allt annars konar vörnum og viðbúnaði en í kalda stríðinu ríghéldu íslenzk stjórnvöld áfram í úreltar hugmyndir um að fjórar orrustuþotur væru alfa og omega íslenzkra varnarmála, í stað þess að ræða við Bandaríkin og önnur nágranna- og vinaríki um það hvernig væri hægt að bregðast í sameiningu við margvíslegum nýjum ógnum.

Það var ekki fyrr en varnarliðið var farið og Ísland stóð uppi án varnarviðbúnaðar og stefnumótunar í öryggismálum að byrjað var að nálgast þessi mál á nýjum forsendum. Liður í því var skýrsla svokallaðrar hættumatsnefndar utanríkisráðherra, sem skilaði skýrslu árið 2009 og ýmsum tillögum sem nefnd Alþingis þarf að taka afstöðu til.

Í kalda stríðinu voru varnar- og öryggismálin eitt helzta bitbein íslenzkra stjórnmála. Gera má ráð fyrir að nú verði að mörgu leyti auðveldara að ná þverpólitískri samstöðu um þjóðaröryggisstefnu, ekki sízt vegna þess að öryggishugtakið hefur víkkað og hernaðarþátturinn vegur þar miklu minna en áður. Stjórnmálaflokkarnir eru nokkuð sammála um að bregðast þurfi við mengunarhættu, hryðjuverkaógn, skipulagðri glæpastarfsemi, netglæpum og fleiri ógnum sem eru fylgifiskur nýs alþjóðaumhverfis.

Þó má búast við deilum um það sem snýr að hervörnum landsins. Össur Skarphéðinsson segir réttilega að hernaðarógn steðji ekki að okkar heimshluta. Það þýðir ekki að vanrækja eigi hernaðarþátt varnanna. Það er til dæmis ekki skynsamlegt að skapa hér á Norður-Atlantshafinu hernaðarlegt tómarúm, sem einhver gæti séð sér hag í að fylla. Meðal annars þess vegna er loftrýmisgæzlan, sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins sinna hér á landi nokkrum sinnum á ári, nauðsynleg.

Eitt af því sem bíður þjóðaröryggisnefndarinnar er að tryggja að nægjanleg þekking sé til staðar um þjóðaröryggismál hjá borgaralegum stofnunum, eins og það er orðað. Þetta er eitt mikilvægasta verkefni nefndarinnar. Þótt við séum herlaust land getum við ekki verið án stofnana sem hafa sérþekkingu á öryggis- og varnarmálum. Þær eigum við ekki í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sjálfbær þróun 2011

Ársfundur Sjálfbærniverkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi verður haldinn í

Minjasafninu í Neskaupsstað föstudaginn 6. maí frá kl. 13:00 – 16:30.

Allir áhugasamir um verkefnið og sjálfbæra þróun eru hvattir til að mæta.

Nánari dagskrá og upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á heimasíðu verkefnisins:

www.sjalfbaerni.is

Landsvirkjun ALCOA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skrítið

Brynjar Níelsson lögmaður svaraði nýverið grein þriggja starfsbræðra sinna um Icesave. Í formála furðar hann sig á að það fari í taugarnar á einhverjum að hann, sem formaður Lögmannafélagsins, tjái sig um þjóðmál og segir það skjóta skökku við að öllum hafi verið sama um að forsvarsmenn launþegasamtaka og atvinnulífsins tjáðu afstöðu sína til málsins. „Það var ekki einu sinni gerð athugasemd við hótanir forsvarsmanna þessara félaga í garð launþega þessa lands í baráttunni fyrir samþykki laganna,“ segir Brynjar. Honum til upplýsingar skal minnt á að allt varð vitlaust vegna þessara yfirlýsinga. Formaður Framsóknarflokksins og innanríkisráðherra þjóðarinnar voru meðal þeirra sem náðu vart upp í nef sér af bræði. Teljast þeir ekki með?



### Ömurleg frammistaða

„Ég hef engar áhyggjur því frammistaða Moody's í að meta stöðu Íslands er vægast sagt ömurleg. Þegar íslensku bankarnir voru í erfiðleikum gaf Moody's þeim AAA einkunn,“ sagði forsetinn á Bloomberg á mánudag.



### Lærdómar

Allt er þetta rétt hjá forsetanum og gott hjá honum að draga þetta fram. Um leið er hollt að rifja upp að rannsóknarnefnd Alþingis komst að því að framganga forsetans í útrásinni hefði verið með slíkum hætti að setja þyrfti reglur um hlutverk og verkefni forsetans og siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um með hvaða hætti eðlilegt væri að hann veitti viðskiptalífinu stuðning.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Á að fórna frístundastarfi ÍTR?

Menntamál



Geir Sveinsson
varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Miðað við 70 ára lífaldur þá eyðir hver manneskja að meðaltali 27 árum í frítíma, 7 árum til starfs en einungis 4 árum í formlega menntun. Það skiptir því miklu að börn læri að nýta frítíma sinn sem best og að virkja fjölbreytta hæfileika sína. Rannsóknir sýna sömuleiðis að dvöl á frístundaheimili gefur börnum tækifæri til að nýta styrkleika sína og taka þátt í frjálsum leik og skapandi starfi og gegna því frístundaheimilin lykilhlutverki í að stuðla að farsælli skólabyrjun fyrir börn. Það er því mikilvægt að vel sé hugað að faglegri og stjórnunarlegri stöðu frístundastarfs í borginni þannig að það eflist og stuðli að mikilvægri fjölbreytni í uppeldi og þroska barns á fyrstu árum skólagöngu þess.

Nú ætlar meirihluti Besta flokks og Samfylkingar að sameina grunnskóla og frístundaheimilin í borginni undir yfirstjórn skólastjóra.

Áætla má að fjárhagslegur ávinningur af sameiningu yfirstjórnar muni í besta falli skila 12 milljónum kr. á ári.

Ég vil ekki gera lítið úr fjárhagslegum ávinningi þessara fyrirhuguðu aðgerða. En þeirri spurningu er algjörlega ósvarað hvort hinn faglegi þáttur frístundastarfsins sé tryggður og að hið góða og öfluga starf sem nú þegar er unnið á frístundaheimilunum muni ekki bera skaða. Reynslan hefur einfaldlega kennt okkur að mikil hætta sé á því að minni áhersla verði á faglegt frístundastarf undir stjórn skólanna.

Umræða um hugsanlega samþættingu skóla og frístunda er þörf. En ef hún á að vera sú framtíðarmúsík sem nauðsynleg er, þá verðum við í leiðinni að huga að samþættingu alls íþrótta-, tómstunda- og tónlistarstarfs sem stundað er í borginni. Markmiðið á að sjálfsögðu að vera að þróa og skapa samfelldan dag hjá þeim börnum þar sem þetta þrennt fléttast saman, svo öllu tómstunda-, íþrótta- tónlistar- og skólastarfi barnsins verði lokið kl. 17 hvern virkan dag. Þar er ég sannfærður um að liggi gríðarleg sóknarfæri sem nauðsynlegt er að skoða enn frekar.

Ég er alls ekki mótfallinn vel ígrunduðum breytingum á skipulagi skóla og frístundastarfs sem snúa að aukinni velferð barna en ég tel fyrirliggjandi tillögur það umfangsmiklar og of mörgum spurningum sé ósvarað að óskynsamlegt er að framkvæma þær með þeim fyrirvara sem settur er fram af hálfu meirihlutans.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Í hjólförum hruns

Efnahagsmál
Björgólfur Thor Björgólfsson
athafnamaður



Ár er liðið frá því að rannsóknarnefnd Alþingis skilaði af sér skýrslu sinni um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna. Ég fagnaði skýrslunni og bað íslensku þjóðina jafnframt afsökunar á mínum þætti í hruni íslenska fjármálakerfisins.

Ég, eins og flestir aðrir, batt vonir við að skýrslan myndi marka nýtt upphaf og veita þjóðinni nauðsynlega viðspyrnu. Sú hefur því miður ekki orðið raunin. Ég kannast ekki við að nokkur annar, sem kemur við sögu í skýrslunni, hafi gengist við ábyrgð sinni eða viðurkennt að hann hafi haft nokkur áhrif á gang mála með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi. Þetta á jafnt við um einstaklinga sem stofnanir samfélagsins: Stjórnmálin, stjórnsýsluna, fjölmiðlana, viðskiptalífið, háskólasamfélagið. Flestir þeir sem hafa tekið þátt í samfélagsumræðunni hafa hrifsað til sín það eitt úr skýrslunni sem hentar þeirra málstað. Þeir, sem eru í aðstöðu til að hafa áhrif á hvert umræðan leitar, hafa látið óheillaþróunina afskiptalausa. Á meðan brennur upp öll skynsemi og réttsýni.

Að hluta má rekja þetta til veikrar stöðu stofnana samfélagsins, sem komu laskaðar undan hruni. Vissulega er verkefnið stórt, en þar dugar ekki að hafa vilja til að gera vel, ef forsendur eru rangar. Þessum stofnunum hefur ekki auðnast að læra af reynslunni. Forystumenn þeirra hafa horfið inn í hóp gagnrýnenda, hallmælt öllum öðrum en sjálfum sér og borist undan straumi ímyndaðs almenningsálits, eins og það birtist á samskiptasíðum netsins. Ábyrgðarleysið er mikið – og það eftir hrun! Slíkt ábyrgðarleysi er næstum skiljanlegt þegar afleiðingar eru ekki ljósar. En ábyrgðarleysi í rústunum, við uppbygginguna, er óskiljanlegt.

Alþjóðleg fjármálakreppa skall á okkur í kjölfar stærstu lána- og eignabólu sögunnar. Fjármálakreppan varð að gengiskreppu vegna gagnleysis krónunnar; að bankakreppu og lánakreppu vegna veikrar stöðu bankanna eftir alltof hraðan og illa grundaðan vöxt; að atvinnukreppu vegna heiftarlegs samdráttar í framleiðslu, neyslu og fjárfestingu; að stjórnmálakreppu vegna vangetu stjórnmálanna til að taka á vandanum; að stjórnlagakreppu vegna ósættis og sundurlyndis.

Hins vegar er langt í frá að þetta ábyrgðarleysi forystumanna einkenni almenning. Einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki semja um mál sín og leysa þau af þrautseigju. Þeirra hlutskipti á að njóta meiri virðingar. Það tryggir að efnahagslífið réttir smám saman úr sér, þrátt fyrir stöðnun umræðunnar.

### Aldrei kallaður fyrir nefndina

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis varð ekki það upphaf sem ég vonaðist til. Ég var sammála þeirri heildarmynd sem nefndin dró upp en ég var ekki sammála allri efnisumfjöllun hennar eða niðurstöðum og ég var mjög ósáttur við vinnubrögð hennar í því er sneri að mér. Mín er víða getið í skýrslunni en ég var þó aldrei kallaður fyrir nefndina. Yfirlýsingar annarra um mig – margar rangar og sumar ótrúlega heimskulegar – voru birtar án andmæla. Fyrir ári taldi ég það allra hag að láta þetta kyrrt liggja. Ég taldi mikilvægara að þjóðinni tækist að gera skýrsluna, þó gölluð væri, að upphafsreit uppbyggingar en að ég sendi frá mér leiðréttingar við rangfærslur viðmælenda nefndarinnar og skýrsluhöfunda sjálfra.

Því miður hefur mér ekki orðið að ósk minni. Skýrslan hefur enn engin áhrif haft til góðs á íslenskt samfélag.

Ég sé því enga ástæðu til að sitja lengur á leiðréttingum mínum á augljósum villum, röngum ályktunum og hreinum uppspuna. Ég mun birta athugasemdir mínar á vef mínum, btb.is, til fróðleiks fyrir áhugamenn um það sem sannara reynist. Ég hef jafnframt óskað eftir því við forseta Alþingis að athugasemdir mínar verði birtar á vef rannsóknarnefndar Alþingis.

Um leið ítreka ég afsökunarbeiðni mína. Íslenskt viðskiptalíf og samfélag þróaðist hratt árin fyrir hrun og sú þróun var til óheilla. Ég var í aðstöðu til að sjá hættumerki og ég sá sum þeirra, en mér auðnaðist ekki að bregðast við; í sumu gerði ég of lítið, í öðru of seint og í sumu alls ekki neitt. Ef ég og aðrir áhrifamenn í viðskiptum og stjórnmálum hefðum vaknað fyrr og okkur hefði auðnast að vinna saman hefði okkur án vafa tekist að minnka skaðann. En það tókst okkur ekki. Og á því ber ég mína ábyrgð.

### Andstyggð umræðunnar

Eftir að ég sendi frá mér afsökunarbeiðnina fyrir ári sneri ég mér að því að semja við lánardrottna og gera upp skuldir mínar. Engin mál mér tengd eru til meðferðar hjá ákæruvaldi eða neinum eftirlitsaðila, að því ég best veit. Þau íslensku fyrirtæki sem ég á hlut í eru öll í góðum rekstri og í sóknarhug.

Samt er það svo að nafn mitt má ekki birtast opinberlega án þess að fram stígi menn sem furða sig á að ég skuli ekki sitja bak við lás og slá, dæmdur fyrir einhver óhæfuverk sem þeir nefna ekki en virðast þó fullvissir um. Og þetta á ekki aðeins við mig, og ekki aðeins þá sem kallaðir hafa verið útrásarvíkingar, heldur má nánast allt það fólk sem hættir sér til einhverra verka á Íslandi þola þessa óværu. Sú andstyggð smitast í alla umræðu á Íslandi. Þótt flestir fjölmiðlar leggi áherslu á þá frumskyldu sína að upplýsa almenning, þá virðast aðrir fremur vilja ala á andstyggðinni en hampa sannleikanum.

Því miður virðast margar helstu stofnanir samfélagsins enn stefnulausar og rekast undan eigin hugmyndum um almenningsálit, í stað þess að leggjast á eitt til að leysa vandann. Það væri hryggilegt ef saga ábyrgðarleysis endurtæki sig.

Margir hafa skoðanir á því sem ég segi og enn fleiri vilja helst ekkert ef mér vita. Sjálfur á ég engan annan kost en að vera samkvæmur sjálfum mér og tjá mig um þau mál sem á okkur brenna. Í kjölfar þessarar greinar bíður mín eflaust hin gamalkunna hrina fúkyrða. Ég neita hins vegar að læðast með veggjum, heldur áskil mér rétt til að skýra málstað minn. Ég vona að þær skýringar komi að gagni, bæði til að upplýsa það sem úrskeiðis fór, en þó miklu fremur til að koma í veg fyrir að mistökin verði endurtekin.

## AF NETINU

### Sanngirni

Sé ástandið ekki verra en Lars Christensen lýsir eftir hið mikla bankahrun, þá má blessuð ríkisstjórnin alveg eiga sinn þátt í því. Þetta bendi ég ekki á af einskærri umhyggju fyrir ríkisstjórninni – eða ríkisstjórnarflokknum.

Ég held bara að það sé óhollt andrúmsloft sem hér hefur ríkt undanfarið – að þetta sé einhver versta ríkisstjórn sem hægt sé að hugsa sér.

Og fjöldi fólks leiðir í alvöru hugann að því hvort ekki væri bara kjörið að leiða aftur til valda þá sem ollu hruninu!!

Það vantar meiri sanngirni í samfélagið, og þar á meðal þurfum við að sýna ríkisstjórninni sanngirni.

blog.eyjan.is/illugi
**Illugi Jökulsson**

### Hljótt um Ísland í fréttum

Að mestu var hljótt um Ísland í erlendum fjölmiðlum í morgun. Tæpast glittir í þá jaðarskoðun, að Ísland hafi tekið forustu í uppreisn gegn fjölþjóðlegu peningavaldi. Enda efast ég um, að mikil framtíð sé fólgin í slíkri forustu, þótt eftirspurnin væri meiri. Gott er, að merkustu fjölmiðlarnir hafa lagað villur í fyrri fréttaflutningi. Átta sig á, að Ísland neitar ekki að borga, heldur neitar bara ríkisábyrgð á pakkanum. Nokkuð langur vegur er milli þess raunveruleika og óskarinnar um að gefa skít í fjármálaheiminn. Raunar veitti sumum þjóðrembdum Íslendingum ekki af að byrja að fatta þetta líka.

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**




TÓNLISTARSKÓLI FÍH
30 ÁRA

*Til hamingju með afmælið, elskulegi skóli! Rauðagerði 27 hýsir menntastofnun á háu kaliberi. Takk fyrir að kynna okkur fyrir mýgrút hæfileikaríks og skemmtilegs fólks, sem og hver öðrum.*
**- Moses Hightower; Andri, Danni, Maggi og Steini**

*Án FÍH skólans væri ég ekki nýbúinn að spila á Iceland Airwaves hátíðinni í fimmta sinn, gefa út plötu, spila með hljómsveit sem tilnefnd var til þrennra tónlistarverðlauna 2011, fara í tónleikaferðir til útlanda og fá að kynnast og spila með frábæru tónlistarfólki.*
**- Vignir Rafn Hilmarsson, Agent Fresco**

*Hamingjuóskir og þúsund þakkir.*
**- Ómar Guðjónsson, stoltur FÍH-maður**

*Til hamingju Tónlistarskóli FÍH. Ég er þakklátur fyrir öll tækifærin sem námið í FÍH gaf mér.*
**- Einar Scheving, tónlistarmaður**

*Þegar ég hóf nám við Tónlistarskóla FÍH 16 ára gamall hófst tónlistarmenntun mín fyrir alvöru. Ég væri ekki þar sem ég er í dag ef ég hefði ekki verið svo heppinn að geta stundað nám við þennan frábæra og nauðsynlega skóla.*
**- Haukur Gröndal, tónlistarmaður**

**Dagana 12. 13. 16. og 17. maí verða haldin inntökupróf við Tónlistarskóla FÍH.**
**Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans www.fih.is/sk Umsóknarfrestur er til 26. apríl.**

**www.fih.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



48 **GARRÍ KASPAROV,** skákmeistari og stjórnmálamaður, er 48 ára.

*„Reynslan hefur kennt mér að skák getur haft heilmikil áhrif á pólitískt landslag ríkis.“*



†

*Minn ástkæri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Guðmundur Höskuldsson**

Hæðargarði 33,

lést á Landspítalanum við Fossvog laugardaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á bráðaöldrunardeild Landspítalans í Fossvogi fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Guðný Ásgeirsdóttir**
**Höskuldur Guðmundsson** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Bragi Guðmundsson**
**Guðmundur Guðmundsson** **Hlíf Ragnheiður Heiðarsdóttir**
**Ásgeir Guðmundsson** **Gróa Friðgeirsdóttir**
**Ingibjörg Petra Guðmundsdóttir** **Magnús Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ívar Pétur Hannesson**

Dalbraut 14,

lést mánudaginn 11. apríl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 20. apríl kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð.

**Jóna Guðbjörg Gísladóttir**
**Árdís Ívarsdóttir** **Guðmundur Ingi Kristjánsson**
**Hannes Eðvarð Ívarsson** **Íris Kolbrún Bragadóttir**
**Gísli Bergsveinn Ívarsson** **Klara Lísa Hervaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**STOLTUR** Bjarki Þór stendur ásamt fleirum fyrir útgáfu veftímaritsins Nörd norðursins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÖRD NORÐURSINS: NÝTT TÍMARIT

## Fleiri en nördar njóta góðs af

Nýtt veftímarit, Nörd norðursins, leit dagsins ljós fyrir skemmstu. Ritstjórinn Bjarki Þór Jónsson fékk hugmyndina í sagnfræðinámi við Háskóla Íslands. „Ég skrifaði BA-ritgerð um sögu nörda á Íslandi og ætlunin var svo að útfæra hana frekar í bók. Eftir nám varð ég hins vegar tímabundið atvinnulaus og ákvað að nota tímann í eitthvað uppbyggilegt. Þannig varð þetta tímarit til,“ útskýrir hann léttur í bragði.

Tækni, kvikmyndir, bækur, borðspil, tölvuleikir og leikjatölvur. Umfjöllunarefni tímaritsins er af margvíslegum toga en á það þó sameiginlegt að vera „nördalegt“, eins og Bjarki orðar það. Beðinn um að útlista hugtakið nánar svarar hann: „Margt af þessu flokkast undir jaðaráhugamál sem fólk sökkvir sér í. Tímaritið á þó alls ekki að vera stílað á einhvern ákveðinn hóp heldur höfða til sem flestra.“

Sjálfur segist Bjarki vera mikill nörd og er stoltur af því. „Ætli það megi ekki segja að ég hafi smám saman orðið nörd á unglingsárunum. Þá kviknaði áhugi á tölvum og tölvuleikjum og leiðin lá í tölvunarfræði, veffræði og loks sagn- og kvikmyndafræði við HÍ.“ Hann segist svo heppinn að hafa kynnst stúlku sem sýni áhugamálunum fullan skilning. „Hún styður mig hundrað prósent og gaf meira segja prjónauppskrift í tímaritið, að sveppahúfu úr Mario Bros. tölvuleiknum,“ segir hann og hlær.

Auk Bjarka og eiginkonunnar Erlu Jónasdóttur leggja þeir Daníel Páll Jóhannsson, Helgi Þór Guðmundsson og Ívar Örn Jörundsson til efni í fyrsta tölublaðið. „Takmarkið var að koma boltanum af stað og fá síðan fleiri penna til að skrifa í það,“ útskýrir Bjarki og segir öllum velkomið að senda inn efni.

Nörd norðursins mun koma út mánaðarlega, fyrsta mánudag hvers mánaðar, og verður aðgengilegt á netinu. „Draumurinn er að koma því á prent og aldrei að vita nema það verði ef okkur sýnist mikill áhugi vera fyrir hendi,“ segir Bjarki og bendir á að tímaritið megi nálgast endurgjaldslaust á vefslóðinni www.nordnordursins.is.

roald@frettabladid.is



†

*Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Láru Sveinsdóttur**

Áður Dvergholti 5 Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við gjörgæsludeild Landspítalans.

**Hreinn Oddsson**
**Guðmundur Hreinsson** **Jóna María Kristjónsdóttir**
**Kristinn Hreinsson** **Sigríður Ólafsdóttir**
**Ingvar Hreinsson** **Lilja Scheel Birgisdóttir**
**Birgitte Bengtsson** **Helgi B. Helgason**
**Svenn Bengtsson** **Heidi Clemmensen**



†

*Ástkær móðir okkar*

**Sigríður María Níelsdóttir**

Sunnugerði 7, Reyðarfirði,

lést á sjúkrahúsi Neskaupstaðar 30. mars 2011. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar hennar.

**María, Guðrún, Karen og Anna Kjartansdætur.**
**Tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Arinbjarnar Hjálmarssonar**

frá Vagnbrekku í Mývatnssveit, Lindasíðu 2, Akureyri,

fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.30.

**Halldóra Sigríður Þórarinsdóttir**
**Kristín Arinbjarnardóttir** **Sigurður R. Ragnarsson**
**Þórarinn Arinbjarnarson** **Ingibjörg Antonsdóttir**
**Halldór Arinbjarnarson** **Edda G. Aradóttir**
**Hjálmar Arinbjarnarson** **Gizelle Balo**
**Ásdís H. Arinbjarnardóttir** **Þórður Pálsson**
**afabörn og langafabörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Rós Einarsdóttir**

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala Hafnarfirði fimmtudaginn 7. apríl sl. Útför hennar fer fram frá Þjóðkirkju Hafnarfjarðar fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Jónatan Kristjánsson**
**Ingibjörg Jónatansdóttir** **Sigurbjörn Jónsson**
**Einar Þór Jónatansson** **Brynhildur Birgisdóttir**
**Björg Jónatansdóttir** **Jón Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabarn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Thoroddsen**

Heiðarhjalla 37,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi þann 5. apríl sl. Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 18. apríl kl 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Ægir Gauti Þorvaldsson**
**Hrefna Kristín Ágústsdóttir**
**María Ásgeirsdóttir**
**Ágúst Breiðfjörð**
**Kristrún Guðmundsdóttir.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Solveig Pétursdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 6. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 15.00. Fjölskylda Solveigar sendir sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11-E á Landspítala Hringbraut fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Ingunn Péturs** **Óðinn Sörli Ágústsson**
**Helga Rúna Péturs** **Valdimar Agnar Valdimarsson**
**Gabríel Pétur Óðinsson og Tinna Björt Valdimarsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sesselja Vilborg Pétursdóttir**

lést að Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 18. apríl kl. 13.00.

**Elísa Berthelsen** **Pétur Bjarnason**
**Björn Birgir Berthelsen**
**Ástráður Berthelsen** **Sigrún Oddgeirsdóttir**
**Grímur Berthelsen** **Birna Bjarnadóttir**
**Sófus Berthelsen** **Helga Halldórsdóttir**
**Rannveig Berthelsen** **Finnbogi Rúnar Andersen**
**og ömmubörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.


4BLS BÆKLINGUR
PÁSKA TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Til páska fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 295kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
TREND MICRO
TITANIUM
INTERNET SECURITY
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2011 VÍRUSVÖRN
3.990
1 STK Á MANN
AÐEINS 40 STK Í BOÐI
Canon
WiFi MP495
ÞRÁÐLAUST FJÖLNOTATÆKI FRÁ CANON
9.990
Tilboð gilda til páska eða meðan birgðir endast
NÓI SÍRÍUS
RISA PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FRÁ NÓA FYLGIR FYRSTU 100 TÖLVUNUM
ALLT AÐ 50 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
1 STK Á MANN
AÐEINS 20 STK Í BOÐI
HP MINI
10" FISTÖLVA MEÐ 1GB MINNI, 160GB DISK, WiFi300 OG WIN7 STARTER
39.900
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri

# PÁSKAT

## STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓ

JU140

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

# TK85

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Öflug leikjafartölva úr nýrri línu Packard Bell á áður óséðu verði með alla nýjustu tæknina, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Dual Core P6100 2.0GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

RISA PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

packard bell

**99.900**

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

NÝ LENT

SB576

# TK83

- Athlon II Dual Core X2 P360 2.3GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

FÆST Í 2 LITUM

574DG

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

SÝNINGAR EINTAK

acer

# 3D

- Intel Core i5-480M 2.93GHz Turbo
- 8GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 4X BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 15.6" HD LED 120Hz 3D 1366x768
- 1GB GeForce GT 425M skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**199.900**

3D GLERAUGU FYLGJA MEÐ :)

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
8 TÍMAR
RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

packard bell

615

# DOT.se

**Á FRÁBÆRU TILBOÐI**

Glæsileg fistölva frá Packard Bell með 10.1" LED skjá, Intel Atom örgjörva, Windows 7 stýrikerfi og allt að 8 tíma rafhlöðu endingu

- Intel Atom N450 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**49.900**

FÆST Í 4 LITUM

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF PACKARD BELL

AV105

# TK36

- Intel Celeron 900 2.2GHz 1MB
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

packard bell

**69.900**

PACKARD BELL Á BETRA VERÐI

10 ÞÚSUND AF ÖLLUM LENOVO

28589PU

# G550

- Intel Dual Core T4500 2.3GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED VibrantView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

lenovo

**89.900**

FRÁBÆR VÉL Á GÓÐU VERÐI

10 ÞÚSUND AF ÖLLUM TOSHIBA

1F5

# C660

- Intel Core i3-380M 2.53GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD TruBrite 1366x768 skjár
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

TOSHIBA

**109.900**

FLOTT FARTÖLVA FRÁ TOSHIBA

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA



**Friðlýst svæði** eru landsvæði þar sem reynt er að vernda sérstakt lífríki eða landslag og halda því ósnortnu. Með friðlýsingu er reynt að tryggja rétt komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is er að finna yfirlit yfir öll friðlýst svæði á landinu.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



# NÁMSAÐSTOÐ
## í páskafríinu

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – franska – spænska – stafsetning o.fl

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233












Torfi Þór Torfason matreiðslumaður hellti upp á kaffi til sigurs í Kaupmannahöfn.



# Keppir við þá bestu

Reykvíkingurinn Torfi Þór Torfason matreiðslumaður bar sigur úr býtum í kaffibarþjónakeppninni World Brewers Cup í Kaupmannahöfn nýlega. Frammistaðan tryggir honum þátttökurétt í heimsmeistarakeppni í Hollandi í sumar eins og frá er greint á www.freisting.is

„Þetta var keppni í að búa til svart kaffi upp á gamla mátann, í gegnum filter," segir Torfi Þór, sem hellti upp á kaffitegundina Kieni frá Kenya. „Bragðið er ferskt og berjaríkt og lyktin lík og af brenndum fíkjum," lýsir hann.

Torfi Þór hefur starfað á kaffibarnum Coffee Collective á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í fimm mánuði. Hann þakkar sigurinn ekki síst eigendum og öðrum starfsmönnum staðarins, af þeim hafi hann mikið lært, enda sé þar hver meistarinn eftir annan.

Um næstu helgi mun Torfi Þór taka þátt í gjörningi á Coffee Collective þar sem hann hellir upp á verðlaunadrykkinn. „Yfirleitt er röð út á götu því hér er sérstök aðferð notuð við að rista kaffið sem ýtir undir náttúrulega eiginleika baunanna. Við þykjum bjóða langbesta kaffið í Danmörku og með því besta í heimi."

*gun@frettabladid.is*






**Tímabelti eru afmörkuð svæði á jörðinni** sem hafa samræmdan tíma. Á slóðinni www.timeanddate.com er að finna yfirlit yfir hvernig klukkan slær í mismunandi löndum en gott er að kynna sér hugsanlegan tímamismun áður en haldið er út í heim.








Fyrsti leikur Íslands fer fram í Árósum 11. júní.



Your rainbow panorama heitir verk Ólafs Elíassonar á þaki listasafns Árósa.



Verkið verður vígt 28. maí en sama dag hefjast íslenskir þemadagar í Árósum.

# Vona að Íslendingar fjölmenni

**Íslenska U21 árs landsliðið í knattspyrnu tekur þátt í úrslitakeppni EM í fyrsta skipti í sumar. Mótið fer fram í Danmörku og er stærsta mót sem Danir hafa haldið. Þar á bæ vonast menn til að Íslendingar fjölmenni.**

Úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu hjá U21 landsliðliðum karla fer fram í Danmörku dagana 11.-25. júní. Ísland spilar í Árósum og Álaborg og þar ríkir mikil eftirvænting.

„Þetta er stærsti íþróttaviðburður og um leið stærsti knattspyrnuviðburður sem hefur átt sér stað í Danmörku,“ segir Michael Jaap, kynningarfulltrúi menningar- og frístundamála hjá Árósarborg. Höfuðstöðvar mótsins verða í Árósum og þar eru menn sérstaklega spenntir. „Við leggjum ríka áherslu á að umgjörðin verði sem allra glæsilegust. Við ætlum að slá upp heljarinnar fótboltaveislu og leggjum allan bæinn undir,“ segir Michael.

Íslenska U21 árs landsliðið hefur aldrei náð í úrslitakeppni EM og er eftirvæntingin því ekki minni hér heima. „Þetta er eitt sterkasta landslið sem Ísland hefur átt og ég vona að það skili okkur alla leið. Draumurinn er að ná Ólympíusæti,“ segir Tómas Ingi Tómasson, aðstoðarþjálfari U21 árs landsliðs Íslands. Hann var um tíma atvinnumaður í fótbolta hjá AGF í Árósum og er sannfærður um að móttökurnar verði góðar. „Það er ljóst að fjölmargir Íslendingar hafa hug á að fylgja íslenska liðinu til Danmerkur. Ég finn fyrir miklum áhuga og á von á því að fjölskyldur leikmanna mæti á staðinn. Áhuginn nær þó út fyrir það og má gera ráð fyrir því að Íslendingar heima og á hinum Norðurlöndunum komi til að fylgjast með,“ segir Tómas Ingi sem er ánægður með að mótið skuli haldið á Jótlandi. „Ég get hiklaust mælt með Árósum. Þetta er minnsta stórborg í heimi.”



Tómas Ingi Tómasson

Flugleiðir bjóða upp á beint flug til Billund í sumar sem þykir góður valkostur fyrir þá sem ætla á mótið og samkvæmt forsvarsmönnum flugfélagsins er áhuginn mikill.

Ísland er í A-riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi. Keppt er í tveimur riðlum og tvö efstu liðin í hvorum riðli komast áfram í undanúrslit. Þrjú efstu liðin fá síðan þátttökurétt á Ólympíuleikunum í London árið 2012. Englendingar fá sem gestgjafar sjálfkrafa þátttökurétt og ef þeir verða í efstu þremur sætunum er ljóst að fjögur lið af átta komast áfram.„Möguleikarnir eru því nokkuð góðir,“ segir Tómas Ingi.

Ferðamálayfirvöld í Árósum leggja nú allt kapp á að gera bæinn kláran fyrir mótið og utan landsleikjanna verður mikið um viðburði í bænum fyrir börn og fullorðna. Ferðamálayfirvöld gera sér sérstaklega vonir um að nágrannarnir á Íslandi fjölmenni og verða íslenskir þemadagar í bænum frá 28. maí og fram að fyrsta leik Íslands þann 11. júní. Upphaf þeirra miðast við opnun á listaverki Ólafs Elíassonar á þaki Listasafns Árósa (ARoS Aarhus Kunstmuseum) en það myndar hringlaga manngengan regnboga með útsýni yfir alla borgina. *vera@frettabladid.is*





























# Ævintýri í Marokkó og Andalúsíu og lúxussigling

**Úrval-Útsýn býður ferðalöngum fjölbreytt úrval ferða til framandi staða undir leiðsögn reyndra fararstjóra. Auk sólarlanda og borgarferða er hægt að svala ævintýraþorsta sínum í spennandi sérferðum, þar sem Marokkó, Andalúsía og siglingar um Miðjarðarhafið, Adríahafið og Karíbahafið eru meðal þess sem boðið er upp á.**



Auk sólarferða og borgarferða býður Úrval-Útsýn upp á Ævintýraferðir þar sem leiðin liggur um ókannaðar slóðir, meðal annars í Marokkó, Andalúsíu og í siglingum um heimsins höf.

„Ferðin til Marokkó er undir yfirskriftinni Dulheimar Marokkó," segir Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri hjá Úrvali-Útsýn. „Ferðin hefst í Almería á Spáni 1. júlí en daginn eftir er haldið til Marokkó yfir Gíbraltarsund með ferju. Næstu daga munum við heimsækja fjórar af þekktustu borgum landsins, ferðast um óbyggða dali inn í eyðimörkina þar sem við upplifum bæði sólarupprás og sólsetur eyðimerkurinnar. Við ökum um fjallvegi í jeppum, heimsækjum framandi markaði, skoðum moskur og hallir og á kvöldin snæðum við dýrindis máltíðir með góðum innlendum vínum. Í lok ferðar njótum við lífsins og slöppum af á sólarströndum Almería. Þetta er ævintýraferð fyrir alla sem vilja skoða eittvað nýtt og framandi, ferðast á kameldýri, rýna í steingervinga, milljóna ára gamla, og jafnvel gista eina nótt í tjöldum eyðimerkurfaranna."

Önnur ferð sem Þorsteinn mælir með er gönguferð um Andalúsíu. „Sú ferð verður farin 3. til 8. júní og hefur vakið mikinn áhuga," segir hann. „Við byrjum í Almería og daginn eftir verður haldið af stað í rútuferð um Andalúsíu. Á þessum slóðum er mikið af sögulegum minjum frá tímum Mára og Rómverja. Farið verður í heimsókn til „hvítu þorpanna" og í hina frægu Alhambra-höll í Granada. Alhambra-höllin var reist af Márum á 14. öld. Höllin er á heimsminjaskrá UNESCO. Einnig verður farið í dropasteinshelli og hann skoðaður svo eitthvað sé nefnt. Gist verður á Hostel San Miguel í Nerja. Nerja er lítill vinalegur strandbær, ströndin er klettótt með fallegum sandvíkum. Hótelið er afar vel staðsett í miðbænum þar sem iðandi mannlíf er á kvöldin. Gönguferðirnar miðast við þrjá til fimm tíma á hverjum degi í fimm daga og er lagt af stað í þær eftir morgunverð. Síðan er stoppað á athyglisverðum stöðum og hvíldartími tekinn eins og þarf. Þetta eru gönguferðir sem henta öllum sem eitthvað geta hreyft sig og eru líkamlega heilbrigðir."

Kórónan á ævintýraferðum Úrvals-Útsýnar eru svo siglingarnar. „Við erum með samning við Royal Caribbean Cruises, eitt stærsta skipafélag heims," segir Þorsteinn. „RCCL er með tuttugu glæsiskip í sínum flota og á hverju ári er nýju skipi hleypt af stokkunum. Meðal skipa í flota félagsins eru stærstu skemmtiferðaskip í heimi, Freedom of the Seas og Liberty of the Seas. Þjónusta og allur aðbúnaður er fyrsta flokks í skemmtiferðaskipunum sem sigla um öll heimsins höf, þar á meðal Karíbahafið, Miðjarðarhafið, Suður-Ameríku og Asíu.

Við bjóðum upp á siglingar um Adríahafið, Miðjarðarhafið og vesturhluta Karíbahafs, en um ferðirnar og tilhögun þeirra getur fólk fræðst nánar á heimasíðunni okkar urvalutsyn.is."



**● BRIGHTON** Úrval-Útsýn býður upp á spennandi helgarferðir til Brighton í Englandi í vor. Næsta ferð verður 21. til 24. apríl.

Brighton er oft kölluð Litla London, þar sem hún þykir bjóða upp á allt það sama og London nema þar er allt smærra og huggulegra í sniðum. Í borginni eru sjarmerandi listamannahverfi þar sem marglituð hús, götumarkaðir, verslanir og götutónlistarmenn mynda einstaka stemningu. Ferðalangar hafa frjálsar hendur um það hvernig þeir verja tíma sínum í borginni, en ef þörf er á er Birna Þrastardóttir, sem þrautþekkir borgina, þeim til aðstoðar.

**● NÝ OG BETRI – FERÐIRNAR SEM SLEGIÐ HAFA Í GEGN!** Ný og betri námskeiðin hjá Úrvali Útsýn hafa heldur betur slegið í gegn og eru orðinn fastur liður í haust- og vordagskrá Úrvals Útsýnar. Þaulvanir leiðbeinendur blanda saman skemmtun og uppbyggilegum námskeiðum í góða veðrinu á suðrænum slóðum. Farið verður meðal annars í spennandi sumba- og jógaferð til Albir, glæsilega konuferð með Eddu Björgvins og hamingjan fundin með Ásdísi Olsen á ströndum blómaeyjunnar Tenerife. Bjargey Aðalsteinsdóttir sér um umsjón á námskeiðunum en hún er þaulvön í fararstjórn og lærður jógakennari og íþróttafræðingur. Góður félagsskapur, ný sýn á lífið – og ný og betri! Hægt er að lesa meira um námskeiðin á urvalutsyn.is.



Hálft fæði og allar skoðunarferðir innifaldar

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

# Bændaferðir

## Sumarnótt við hafið
**Sumar 2** 11. - 18. júní
Skoðum best varðveitta kastala Ítalíu í virkisborginni Gradara, San Marino, minnstu borg Evrópu og fæðingarbæ Verdis. Heimsækjum svo Parma, heimabæ söngkonunnar Höllu Margrétar sem tekur á móti okkur.
**Verð:** 186.300 kr. á mann í tvíbýli

## Töfraheimur Tékklands
**Sumar 7** 4. - 15. ágúst
Í þessari töfrandi ferð skoðum við gömlu keisaraborgina Brno, miðaldakastala og klaustur hennar, dropasteinshella og eitt áhugaverðasta gyðingahverfi Tékklands. Dveljum í gullborginni Prag síðustu dagana.
**Verð:** 229.600 kr. á mann í tvíbýli

## Hafblær við Eystrasalt
**Sumar 8** 11. - 18. ágúst
Ströndin við Eystrasaltið er einstök og fegurð eyjanna Usedom, Rügen og klettabeltisins Königsstuhl lætur engan ósnortinn. Hansadrottningin Lübeck verður heimsótt og að lokum farið í skoðunarferð um Berlín.
**Verð:** 159.950 kr. á mann í tvíbýli

## Flamengó í Madríd
**Sumar 10** 20. - 27. ágúst
Heimsækjum nokkrar af skemmtilegustu borgum Spánar. Skoðum hinn 2000 ára rómverska bunustokk Segovia, miðaldamúra Ávila og höll Filippusar II frá 16. öld. Skemmtum okkur á flamengókvöldi í Madrid og skoðum miðaldaborgina Toledo.
**Verð:** 183.400 kr. á mann í tvíbýli

## Gondólahátíð í Feneyjum
**Sumar 14** 27. ágúst - 8. september
Rómantísk ferð um Ítalíu og Austurríki. Heimsækjum fallega bæi við Gardavatn, fylgjumst með fólki í litríkum búningum frá 16. öld á skreyttum gondólum á hátíðinni „Regatta" í Feneyjum og endum ferðina í Austurríki.
**Verð:** 254.300 kr. á mann í tvíbýli

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is | s: 570 2790

# Ævintýraheimur Asíu

**Tímaflakk og tignarleg fjöll bíða þeirra sem leggja leið sína til Tíbets og Kína. Bændaferðir skipuleggja ævintýraferðir þangað í ár.**


Dyrnar að töfrandi heim Tíbets ljúkast upp í ferð sem Bændaferðir standa fyrir í maí. NORDICPHOTOS/GETTY

Töfrar hinna mikilfenglegu Himalajafjalla, stórfenglegar hallir og klaustur verða á meðal þess sem fyrir augu ber í ferð um Tíbet sem Bændaferðir standa fyrir í lok maí. Inga Ragnarsdóttir er fararstjóri en hún hefur mikla þekkingu á sögu og staðarháttum þessa fallega lands, sem oft er kallað þak veraldar.

„Þetta er alveg einstakt tækifæri til að upplifa menninguna, söguna og síðast en ekki stórbrotna náttúruna í mikilli nálægð," bendir Inga á og þakkar það einstökum ferðamáta. „Aðra leiðina verður flogið til Lhasa en hina leiðina fáum við að upplifa landleiðina með Himnalestinni og komumst þannig nær stórbrotnu landslaginu."



Inga segir ferðalagið veita góða innsýn í þjóðarsálina, lífið á landsbyggðinni, búskaparhætti og einstaka menningar- og trúararf Tíbets. „Við munum kynnast menningunni sem tengist mikið Lama-trúnni, sérstakri grein búddisma, sem einkennist af glaðværð og friðsemi." Þekktasti fulltrúi hennar er Dalai Lama, trúarlegur leiðtogi Tíbeta, en Inga hitti hann fyrir þrjátíu árum. „Við hittum hann fyrir hreina tilviljun í klaustri í Ladakh, sem tilheyrir Indlandi, og hann tók okkur opnum örmum, sem er lýsandi fyrir þennan ágæta mann."

Inga tekur sér fyrir hendur aðra ævintýralega ferð í október. Bændaferðir hafa þá skipulagt heimsókn til Kína þar sem helstu kennileiti landsins verða skoðuð á tveimur vikum. „Við heimsækjum til að mynda Shanghai og Peking, göngum um Torg hins himneska friðar og skoðum Forboðnu borgina," bendir Inga á en Terrakotta-herinn, sem er talinn vera einn merkasti fornleifafundur veraldar, Kínamúrinn og Sumarhöllin verða á meðal annarra viðkomustaða. „Eiginlega má líkja ferðinni við tímaflakk þar sem við byrjum í framtíðarborginni Shanghai og rekjum okkur aftur í tímann," segir hún og bætir við að heilmikil upplifun sé að koma til Kína.

„Landið er svo stórt að það er nánast eins og heimsálfa og ótrúlega margt að sjá. Menningin, sagan og læknisfræðin hefur alltaf heillað mig og svo er áhugavert að sjá með eigin augum það mikla iðnaðarveldi sem Kína er orðið að í dag." Hún segir sælkera líka geta átt von á góðu þar sem maturinn sé fjölbreyttur og góður. „Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi."

# Ferðast um land frænda

**Ferðaskrifstofan Vesturheimur skipuleggur ferðir á slóðir íslensku vesturfaranna í Kanada og Bandaríkjunum og einnig ferðir fyrir Vestur-Íslendinga um Ísland.**


Fjallkonan í Nýja Íslandi leidd til sætis í Gimligarði.

„Eitt helsta markmið ferðaskrifstofunnar er að efla tengsl Íslands og Íslendinga við afkomendur íslenskra vesturfara í Norður-Ameríku," segir sagnfræðingurinn Jónas Þór, eigandi Vesturheims, og segir áhuga fyrir ferðum hans alltaf að aukast. „Í sumar munu sex til sjö hundruð manns ferðast vestur á okkar vegum og nokkuð á annað hundrað hafa skráð sig í ferðir hingað," segir hann.

Ferðir Vesturheims í sumar eru fjölbreyttar. Í júníbyrjun fer myndarlegur hópur kennara vestur til Manitoba að kynna sér skólastarf í Kanada og fimm íslenskir kórar ætla í sumar að heimsækja hinar ýmsu byggðir Íslendinga í Manitoba, Saskatchewan og Norður-Dakota. Þá er ferð fyrirhuguð á vesturströndina seint í ágúst. Flogið er til Seattle og þaðan ekið um Íslendingabyggðir í Washington-ríki, farið á dvalarheimilið Stafholt í Blaine, áfram norður til Vancouver, upp í fjöllin í Whistler og út í Vancouvereyju. Unnendum garðræktar er bent á að degi verður varið í hinum óviðjafnanlega Butchart Gardens.

Stærsta ferð Vesturheims í sumar er hins vegar svokölluð Íslendingadagaferð þar sem tvær merkustu Íslendingahátíðir fyrir vestan verða heimsóttar, þjóðhátíð í Mountain í Norður-Dakota og Íslendingadagurinn í Gimli en þjóðmenningarhátíðir Íslendinga í Vesturheimi eiga rætur að rekja allt aftur til ársins 1874. Fyrri vikuna verður skoðunarferð um íslenskar sveitir í Manitoba, meðal annars Nýja Ísland, farið um Voga og Reykjavík og suðvesturhéruð fylkisins. Síðan er farið á hátíðina í Norður-Dakota og að sjálfsögðu Íslendingadaginn í Gimli. Seinni vikuna verður dvalið á góðum stað í Winnipeg.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.

**Lífræn**
sólarvörn fyrir alla fjölskylduna

Certified Natural Cosmetic BDIH

15% afsláttur í apríl



Náttúruleg sólarvörn sem virkar um leið og hún er borin á húðina.

Vörurnar frá Sante Kosmetic innihalda ekki kemísk litarefni, ilmefni og rotvarnarefni.

Veldu hreina og náttúrulega sólarvörn fyrir páskafríið.

maður lifandi
www.madurlifandi.is
Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 585 8700 | Hæðarsmára 6, 201 Kópavogur, Sími: 585 8710 | Hafnarborg, 220 Hafnarfirði, Sími: 585 8720

Vestur heimur
Nánari upplýsingar á vesturheimur.is og hjá Jónasi Þór í síma 861-1046 og á jonas@vesturheimur.is

# Nýir áfangastaðir í sumar

**Ferðaskrifstofan Expressferðir býður flug og gistingu til Boston og New York í sumar en Boston er nýr áfangastaður Iceland Express.**

„Við bjóðum mjög hagstæðar pakkaferðir bæði til Boston og New York,“ segir Lilja Hilmarsdóttir, forstöðumaður Expressferða, ferðaskrifstofu Iceland Express. Boston er nýr áfangastaður Iceland Express en þangað hefst beint flug 2. júní fjórum sinnum í viku.

„Við erum mjög spennt að geta boðið upp á pakkaferðir til Boston og gistingu á fimm stjörnu hóteli á 99.900 krónur, en hótelið, Tai Boston hefur hlotið viðurkenningar fyrir góða þjónustu,“ segir Lilja.

Ferðirnar verða farnar dagana, 9. til 13. júní og 25. til 29. ágúst og er þegar farið að taka við pöntunum. „Boston er þekkt fyrir að vera ein evrópskasta borg Bandaríkjanna. Þar settust flestir innflytjendur frá Bretlandi og Írlandi að og til dæmis eru þau í Kennedy-fjölskyldunni afkomendur írsku innflytjendanna. Borgin varð fljótlega hástéttarborg. Þarna bjó mikið af vel stæðu fólki og stjórnmálamönnum og borgin ber þess merki í dag en þar eru glæsilegar byggingar og mörg falleg listasöfn,“ segir Lilja. Boston er einnig ein virtasta háskólaborg Bandaríkjanna, þar eru bæði Harvard-háskóli og MIT. „Svæðið kringum Harvard er mjög fallegt. Eins er margt sem minnir á frumbyggja borgarinnar í miðbænum og gaman að ganga þar um. Það er líka mjög gott að versla í Boston.“



Boston er nýr áfangastaður Iceland Express og bjóða Expressferðir flug og gistingu á hagstæðu verði í sumar. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Beint flug til New York hófst á síðasta ári hjá Iceland Express og fékk góðar viðtökur. Í sumar verður flogið einu sinni á dag til borgarinnar. Expressferðir bjóða einnig pakkaferðir til New York, borgarinnar sem aldrei sefur eins og Frank Sinatra söng um árið.

„Við verðum meðal annars með pakkaferð dagana 6. til 9. maí til New York, flug og gistingu á NYC-JC Luxury Apartments sem er glæsilegt íbúðarhótel í New Jersey með stórkostlegu útsýni yfir Manhattan. Hótelið er rétt við lestarstöðina The Path Train sem kemur manni á tveimur mínútum yfir á World Trade Center; einnig er upplagt að fara með bátnum yfir á Manhattan og njóta útsýnisins í leiðinni sem er ógleymanlegt. Það þarf varla að fjölyrða um New York, hún er ein helsta menningarborg í heimi,“ segir Lilja. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni, www.expressferdir.is og í síma 590 0100.

# Ævintýraferð til Grænlands

**Norðursigling býður í fyrsta skipti upp á ævintýrasiglingu um austurströnd Grænlands á skonnortunni Hildi í sumar.**

Norðursigling færir út kvíarnar í sumar og býður í fyrsta skipti upp á ævintýralega Grænlandsferð. Heimir Harðarson, skipstjóri og einn af eigendum Norðursiglingar, segir um að ræða ferð sem lætur engan ósnortinn. „Við fórum í könnunarleiðangur í fyrra og kynntumst ægifagurri náttúru og einhverju stórfenglegasta fjarðakerfi heims. Risafjörðurinn Scoresbysund teygir sig um 350 kílómetra inn í landið og landslagið er með því hrikalegasta sem þekkist. Inn af honum ganga margir litlir firðir og er kyrrðin óviðjafnanleg. Þarna eru tvö þúsund metra klettar sem stíga lóðrétt upp úr sjónum og sums staðar er þúsund metra dýpi rétt utan við strendurnar. Engar hafnir eru á svæðinu enda bara opið nokkrar vikur á ári og eru allar landtökur gerðar á slöngubáti. Ferðin er því óvenjuleg og spennandi.“

Boðið er upp á tvær brottfarir í sumar. Sú fyrri er 20. ágúst og síðari þann 27. „Farþegar fljúga frá Reykjavík og beint til til Constable Point sem er lítill flugvöllur í vestanverðum Hurry-firði í Jameson Land. Þar eru þeir síðan teknir um borð í Hildi og lagt í viku ferðalag. Farþegarnir sigla því ekki á milli landa heldur koma um borð í lokuðu fjarðarkerinu. Því er um að ræða þægilega siglingu og ætti ferðin að henta öllum aldurshópum,“ segir Heimir.



Norðursigling býður ævintýrasiglingu til Grænlands í sumar. Hún verður með þægilegu móti og ætti að henta öllum aldurshópum.

Farþegar í hvorri ferð verða að hámarki tólf en auk þess verða fjórir í áhöfn. „Þar af er grænlenskur fararstjóri en hans hlutverk er fyrst og fremst að benda okkur á tilkomumikið dýralíf,“ segir Heimir og nefnir sauðnaut, snæhéra, seli og jafnvel ísbirni auk þess sem hann segir hægt að rekast á hvali utarlega í firðinum. „Þá er reglulega farið í land og boðið upp á göngu- og skoðunarferðir. Fyrstu fimm næturnar er gist um borð í skútunni en síðustu tvær er boðið upp á gistingu í þorpinu Ittoqqortoormiit fyrir þá sem vilja. Skútan er búin þægilegum klefum og kojum og aðstaða um borð til fyrirmyndar. Allur matur er innifalinn. Boðið er upp á nýbakað brauð og vel útilátinn morgunmat og svo er oft grillað á þilfarinu á kvöldin,“ lýsir Heimir.

Norðursigling hefur verið leiðandi hvalaskoðunarfyrirtæki frá 1995 og var fyrsta fyrirtækið sem fór að bjóða upp á reglulegar hvalaskoðunarferðir. Hvalaskoðunarferðirnar eru allar farnar á gömlum eikarbátum sem hafa verið lagaðir að þörfum ferðamanna en auk þess gerir fyrirtækið út tvö seglskip og er annað þeirra Hildur. Flestar ferðirnar farnar frá Húsavík en Grænlandsferðin hefst í Reykjavík og henni lýkur þar. Nánari upplýsingar er að finna á www.nordursigling.is


Borgarferðir



Borgarferðir til Bandaríkjanna

New York New Jersey 6.-9. maí
Verð á mann, m.v. fjóra í íbúð
89.600 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur á NYC-JC Luxury Apartments í New Jersey með dýrðlegu útsýni yfir Manhattan.

Lúxustilboð til Boston 9.-13. júní
Verð á mann í fjórbýli
99.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur á Taj Boston, 5* hóteli í miðborginni. Margverðlaunað hótel fyrir þjónustu sína við gesti.

Lúxustilboð til Boston 25.-29. ágúst
Verð á mann í fjórbýli
102.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur á Taj Boston, 5* hóteli í miðborginni. Margverðlaunað hótel fyrir þjónustu sína við gesti.

Fíton / SÍA

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



FERDIR.IS

Normandí 23.–28. ágúst



Skemmtileg og fræðandi ferð um slóðir Normanna, rómantíska hafnarbæi og átakasvæði seinni heimsstyrjaldar. Skoðunarferðir á hverjum degi. Allar skoðunarferðir og hálft fæði innifalið. Sjá nánar á ferdir.is

Suður-England 22.–26. september



Ein af vinsælustu ferðunum okkar. Sjáið borgir og þorp í hjarta Englands. Skoðunarferðir á hverjum degi. Hálft fæði og allar skoðunarferðir innifaldar. Sjá nánar á ferdir.is

Rínarsigling 25.–29. ágúst



Sigling á einu helzta stórfljóti Vestur-Evrópu. Siglt með þægilegu fljótaskipi. Gist um borð í þrjár nætur. Allur matur og drykkir innifalið um borð. Sjá nánar á ferdir.is

Würzburg og Rothenburg 06.–09. október



Stutt en skemmtileg ferð til borganna Würzburg og Rothenburg ob der Tauber. Fornar borgir heimsóttar, ekið um rómantísku leiðina, farið í vinskökkun enda Franken-vínin víðfræg. Sjá nánar á ferdir.is

Sjá einnig frekara úrval ferða á FERDIR.IS

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515




Lautarferð í almenningsgarði með heimagerðum kræsingum getur verið ódýrari kostur en að kaupa máltíð á veitingastað. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Gist í heimahúsum og ferðast saman í bíl

**Utanlandsferðir geta komið við pyngjuna og ekki er á allra færi að gista á fimm stjörnu hótelum og borða margréttað á kvöldin. Hér eru nokkur atriði sem geta lækkað ferðakostnað verulega.**

**GIST Í HEIMAHÚSI**

Sófabrim (couchsurfing) er vettvangur fyrir þá sem vilja kynnast menningu á hverjum stað gegnum heimamenn. Ferðalangurinn gistir í heimahúsi endurgjaldslaust og tekur þátt í daglegu lífi fólksins sem hýsir hann eftir atvikum. Ferðalangurinn getur svo tekið á móti gestum á sitt heimili. Þetta er hressandi og öðruvísi ferðamáti sem opnar möguleika á að kynnast nýju fólki og upplifa landið eða borgina sem heimsótt er á einstakan hátt. www.couchsurfing.org.

**ÍBÚÐASKIPTI Í ÚTLÖNDUM**

Íbúðaskipti geta verið hagstæður ferðamáti, sérstaklega þegar fjölskyldan fer saman í frí. Í mörgum tilfellum hafa ferðalangarnir aðgang að heimilisbílnum og geta því auðveldlega ferðast um nágrennið. Einnig er talsvert hagræði af því að geta keypt inn og eldað heima þegar marga munna þarf að metta. Á vefnum eru nokkrar síður sem halda utan um íbúðaskipti og hér eru þrjár þeirra: www.home-exchange.com, www.intervacus.com og www.homelink.org.

**FERÐAST SAMAN Í BÍL**

Til að halda ferðakostnaðinum niðri er stundum hægt að verða sér úti um bílfar milli staða og taka þátt í eldsneytiskostnaði. Á netinu eru vefsíður þar sem hægt er komast í samband við fleiri á sömu leið og þú og á síðunni www.erideshare.com er hægt að komast í samband við fólk á ferðinni um allan heim.



Sófinn til reiðu fyrir forvitna ferðalanga sem vilja kynnast landi og þjóð gegnum „couchsurfing".

**ÓDÝRARI BYGGINGARSAGA**

Ef þú hefur áhuga á arkitektúr er ódýr leið að taka strætó og sitja í einn hring. Þótt þú fáir ekki sömu upplýsingar um það sem fyrir augu ber og ef þú hlustaðir á leiðsögumann í keyptri útsýnisferð gefst þér næði til að horfa í kringum þig og drekka í þig umhverfið.

**HEIMAGERÐAR SAMLOKUR Í GARÐI**

Það getur verið dýrt að kaupa mat á veitingastöðum í útlöndum. Ef veðrið er gott er því um að gera að kaupa eitthvað matarkyns í kjörbúð eins og brauð og álegg og halda í næsta almenningsgarð. Í erlendum stórborgum eru íbúar yfirleitt duglegir að nýta sér almenningsgarða á góðviðrisdögum og því gefst ágætis tækifæri á að kynna sér mannlífið meðan mauluð er heimagerð samloka.

**HJÓLAÐ UM ALLA BORG**

Neðanjarðarlestir, sporvagnar og leigubílar eru þægilegur ferðamáti milli staða í stórborgum. Ef þú ert hins vegar ekki að flýta þér getur verið stórkostlegt að upplifa borgina á reiðhjóli. Víða má leigja sér þokkalegt reiðhjól á góðu verði í einn eða fleiri daga og eru borgir eins og Kaupmannahöfn og Amsterdam annálaðar hjólaborgir og auðvelt að komast um.




Costa del Sol

6. og 15. maí í 9 nætur

Frá kr. 109.900 með „öllu inniföldu"



**Heimsferðir** bjóða tvær frábærar 9 nátta ferðir til **Costa del Sol** í vor. Í boði eru frábær sértilboð, með „öllu inniföldu" á **Griego Mar** hótelinu sem var mjög vinsælt meðal farþega Heimsferða í fyrra. **Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum.**

Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 109.900
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 9 nætur með öllu inniföldu á Hotel Griego Mar ***.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Ramblan í Barcelona er vinsæl meðal ferðamanna.

# Halda spænska viku

Heimsferðir standa nú fyrir spænskri viku og bjóða upp á fjölbreytt tilboð í tilefni hennar. Þar má nefna frábæra helgarferð til Barcelona helgina 5.-9. maí en um þá helgi er mikið um að vera í borginni. Knattspyrnulið Barcelona mætir Espanyol, hinu liðinu í Barcelona í spænsku deildinni. Þá fer einnig fram úrslitakeppni evrópskra félagsliða í körfuknattleik í borginni þessa sömu helgi.

Menningarlífið er með ólíkindum í þessari fögru borg enda hefur hún alið af sér marga frægustu syni Spánar. Tónleikar eru daglega, klassísk músík, djass, popp og hefðbundin flamengótónlist. Meðal áhugaverðra staða má nefna Liceu, óperuhöllina, Palau de Musica, listasöfn Picassos, Mirós og Dalís. Þjóðlistasafnið, MNAC, hefur að geyma minjar Katalóníu og nýlistasafnið, MACBA, í miðju Ravahverfinu hýsir nýstárlegar sýningar nútímalistamanna.

Í Barcelona eru veitingastaðir á hverju horni en tapasréttina ætti enginn að láta fram hjá sér fara meðan dvalið er í borginni.

Heimsferðir eru einnig með sértilboð til Costa del Sol, t.d. 6. maí og 15. maí þar sem gist er í níu nætur. Einnig eru í boði afsláttartilboð á öðrum dagsetningum í tilefni Spænskrar viku.

Costa del Sol er tvímælalaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga í sólinni, enda býður hann upp á glæsilegt úrval gististaða, veitingastaða og skemmtunar. Þaðan er örstutt að skreppa yfir til Afríku og Gíbraltar og töfrar Andalúsíu heilla alla þá sem henni kynnast.

Heimsferðir hafa einnig boðið geysivinsælar golfferðir til Suður-Spánar undanfarin ár. Þessar ferðir eru að mestu uppseldar en þó eru til örfá sæti nú í lok apríl og byrjun maí til Costa Ballena og Novo Sancti Petri.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Dublin um Páskana







## Dublin
21. - 25. apríl

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 79.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

M.v. 2 í tvíbýli á Camden Court Hotel með morgunverði 21. apríl í 4 nætur. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

## Golf um páskana
21. - 25. apríl

4 nátta ferð með 5 golfdögum

Tulfarris Hotel and Golf Resort er ekki nema um 50 mín. akstursfjarlægð frá Dublin flugvelli. Hótelið er hið glæsilegasta í alla staði.

Hótelið stendur við frábæran 18 holu keppnisgolfvöll. Tulfarris golfvöllurinn er hannaður inn í einstaklega fallega náttúru staðarins, umlukinn Wickow fjallgarðinum og Blessington vatni.

**Verð frá 129.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

M.v. 2 í tvíbýli á Tulfarris Hotel and Golf Resort 21. apríl í 4 nætur. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði, flutningur golfsetts, akstur milli flugvallar og hótels, ótakmarkað golf nema komudag og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 139.900 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54527 04/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# Veröldin skoðuð upp á nýtt

**Himinfley Icelandair stefna nú til fimm nýrra áfangastaða, sem eykur enn möguleika fólks til að skoða jörð sína betur, víðar og nær.**



1 Það eru undur og stórmerki hvað hægt er að byggja úr Legokubbum, eins og sjá má á þessari mynd úr Legolandi í Billund.



2 Það kemur eflaust mörgum á óvart hversu græn og falleg Hamborg er, en þar er dásemd að njóta lífsins.



3 Tignarleg bygging Hæstaréttar í Washington D.C. er meðal margra spennandi viðkomustaða í höfuðborg Bandaríkjanna.



4 Lífið er afslappað og skemmtilegt í Gautaborg.



5 Tær sjór, silkimjúkur sandur og glaða sólskin gerir strandlíf og spænska menningarupplifun við Alicante að paradís.

### 1 BILLUND Á JÓTLANDI – SVO MIKLU MEIRA EN LEGOLAND

Loks er hægt að fljúga beint til Billund þaðan sem stutt er til allra átta hvort sem ferðinni er heitið um nærsveitir, nágrannaborgirnar Árósa eða Álaborg, eða suður til Þýskalands og annarra lokkandi áfangastaða á meginlandi Evrópu.

Billund er frábær fjölskyldustaður miðsvæðis á Jótlandi, rétt vestur af Horsens og Vejle og norðaustur af Esbjerg. Saga bæjarins er samofin litríkum Legokubbum sem einmitt eru framleiddir í Billund og þar er ævintýraheimurinn Legoland sem nú er orðinn einhver kunnasti skemmtigarður Dana.

En þótt flestir ætli sér að halda áfram ferðalaginu frá Billund verður enginn ósvikinn af heimsókn um hlýlegar sveitir og nágrannabæi sem fela í sér ógleymanleg ævintýri á danska vísu. Þar má nefna skemmtigarðinn Lalandia, safnið Karensminde, víkingaminjar í Jelling, höggmyndagarðinn og fúksíugarðinn í Billund. Á þessum slóðum og kringum bæina Vejle, Horsens og Esbjerg eru einnig fjölmargir afbragðs golfvellir.

Icelandair flýgur þrisvar í viku til Billund, á mánudögum, miðvikudögum og laugardögum frá 1. júní til 12. september.

### 2 HAMBORG Í ÞÝSKALANDI – OPIN, ÖNNUM KAFIN OG GRÆN

Hamborg er kraftmikil stórborg, sú næststærsta í Þýskalandi, með 1,8 milljónir íbúa. Hún stendur á bökkum Saxelfar, um 100 kílómetra frá sjó og er stærsta hafnarborg Þýðverja og önnur stærsta hafnarborg Evrópu. En þótt Hamborg sé mikil viðskipta- og iðnaðarborg er hún grænni en aðrar þýskar borgir og fræg fyrir fallega garða sína, opin svæði, stöðuvötn, ár og bátaskurði, en í Hamborg eru 2.300 brýr – miklum mun fleiri en í Amsterdam eða Feneyjum.

Í Hamborg gefst tækifæri til lífsins lystisemda, menningar og lista, sögu og samtíma, og þýskra gæða í mat og drykk, en krár og kaffihús eru á hverju strái í miðbæ Hamborgar þar sem kynnast má matreiðslu 40 þjóða á fleiri en 2.000 veitingastöðum. Gera má kostakaup í freistandi verslunargötum og vöruhúsum Hamborgar, og þótt borgin sé víðkunn fyrir leikhús, söngleiki og óperur dunar þar líka djass og popp, svo ekki sé talað um klassík og sinfóníuhljómsveitirnar þrjár.

Hamborg á sér langa sögu sem kynnast má í sögusafni borgarinnar eða á rölti um elsta hluta hennar, með skoðunarsiglingu um höfnina og um Alster-vatn í miðri borg. Listunnendur fá mikið fyrir sinn snúð í Hamburger Kunsthalle sem er eitt besta safn evrópskar myndlistar frá miðöldum til okkar daga, en aðrir skoða grös og blóm í Planten un Blomen eða líta inn í víðfrægan dýragarð borgarinnar. Næturlífið er svo kapítuli út af fyrir sig og hægt að komast í tæri við hömlulausa afþreyingu og ögrandi skemmtun af öllu tagi í Hamborg. Borgin er jafnframt kjörinn upphafsreitur fyrir lengri ferðalög um Þýskaland.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Hamborgar á þriðjudögum og föstudögum 3. júní til 9. september.

### 3 WASHINGTON D.C. – HÖFUÐBORG BANDARÍKJANNA

Washington er ein af merkilegustu borgum veraldar með fjölda sögufrægra staða og óendanlega marga viðburði. Þar er ljúft að ganga um söguslóðir í Georgetown og njóta lífsins á börum og veitingahúsum á árbakkanum. Helstu söfn, minnismerki og veitingastaðir eru á tiltölulega litlu svæði og því hægt að slaka á í áhyggjulausu fríi.

Í Washington skynjar fólk betur undiröldu þess frelsis, lýðræðis og valds sem er samofið nafni Bandaríkjanna, og enginn verður ósnortinn við að skoða Washington-minnismerkið, Hvíta húsið, Þinghúsið, styttuna af Abraham Lincoln og Thomas Jefferson og Víetnamvegginn, því alls staðar ríkir sterk tilfinning fyrir sögunni í fortíð og nútíð.

Í Washington er sjaldgæft úrval safna í heimsklassa og frægar stofnanir eins og National Museum of Natural History og National Gallery of Art. Þá eru víða áhugaverðar verslanir með frægum merkjum sem og minna þekktum og framúrskarandi veitingastaðir um alla borg.

Frá Washington D.C. er greiður aðgangur að allri austurströnd Bandaríkjanna og ómissandi að skjótast í upplífgandi heimsókn til sérstæðs samfélags Amish-fólksins í Lancaster-sýslu.

Icelandair flýgur allt að fimm sinnum í viku til Washington frá 17. maí til 13. september, það er alla daga nema mánudaga.

### 4 GAUTABORG Í SVÍÞJÓÐ – AKKÚRAT MÁTULEGA STÓR

Gautaborg er hin fullkomna helgarferðaborg, með frábærum verslunum, tónleikum, íþróttaviðburðum og góðum veitingastöðum. Möguleikarnir eru endalausir og næstum allt í göngufæri þótt borgin sé sú næststærsta í Svíþjóð.

Í Gautaborg er urmull sætra kaffihúsa því vinsælt er að „ta en fika“ eða fá sér kaffi og kruðerí á góðu kaffihúsi. Gautaborg er líka draumastaður barnafólks enda nóg að gera. Tívolíið Liseberg er einn af vinsælli stöðum Svíaveldis, sem og raunvísindasafnið Universum með regnskógum, fuglum, fiskum, hákörlum og eitruðustu skepnu í heimi. Um síki Gautaborgar siglir svo paddan, sem eru bátar sem bjóða upp á frábæra leið til að kynnast borginni. Stutt er í hafið eða næsta stöðuvatn og skerjagarðurinn einstakur þar sem alls staðar má finna kletta til að stinga sér frá eða strendur til að leika sér við.

Sumrin í Gautaborg eru yndisleg og sólrík, og borgin með sína eigin menningu og mállýsku.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Gautaborgar á mánudögum og föstudögum frá 24. júní til 15. ágúst.

### ● NOTALEGAR STAÐREYNDIR UM ICELANDAIR

- Icelandair hefur ár eftir ár vermt topplista yfir stundvísustu flugfélög Evrópu.
- Sætisbil í flugvélum Icelandair er það mesta meðal íslenskra flugfélaga og ferðaskrifstofa, alls 32 tommur.
- Í öllum vélum Icelandair eru sjónvarpsskjáir í baki farþegasæta sem geyma yfir 150 klukkustundir af afþreyingu; þar á meðal úrval barnaefnis á íslensku, íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþætti, og erlendar stórmyndir sem sýndar eru um borð á svipuðum tíma og þær eru frumsýndar í kvikmyndahúsum.

### 5 ALICANTE Á SPÁNI – SÓLARSTRENDUR OG DEKURLÍF

Alicante á suðausturströnd Spánar, Costa Blanca, er paradís sóldýrkenda sem elska volga og mjúka sandströnd með blátærum öldum í flæðarmálinu. Þar ríkir spænsk menning og iðandi fjör, og unun að snæða ljúffengan mat í hlýju kvöldrökkri undir suðrænum næturhimni.

Í Alicante má finna allt sem hugurinn girnist: úrvalshótel, frábæra veitingastaði og magnað næturlíf. Þekktasta baðströndin á Costa Blanca er Playa de San Juan, sjö kílómetrar af fínkorna, gulum sandi, tandurhrein og freistandi, en fyrir ofan ströndina raða sér veitingastaðir, hótel, verslanir, tómstundagarðar og golfvöllur.

Alicante er ævaforn hafnarborg og auðkennistákn hennar er kastalinn Castillo de Santa Barbara. Meðal annarra áhugaverðra staða er kirkja heilagrar Maríu, garðarnir El Palmeral og El Ereta, fornleifasafnið Museo Arquelógico Provincial og Collecio Capa sem er stærsta safn nútímaskúlptúra á Spáni.

Af styttri ferðum frá Alicante má benda á siglingu til sjóræningjaeyjanna Tabarca og Cuevas del Canelobre þar sem eru hæstu hellahverfingar á Spáni.

Unaðslegir veitingastaðir eru í Alicante og spænsk matreiðsla að sjálfsögðu í hávegum höfð. Þá er gaman að versla í smáverslunum, vöruhúsum og á markaðnum Avenida Alfonso el Sabio.

Icelandair flýgur einu sinni í viku til Alicante, á fimmtudögum frá 14. apríl til 30. júní, og 15. september til 13. október og svo á miðvikudögum frá 6. júlí til 7. september.


Notaðu snjallsímann í útlöndum
Við tryggjum að netnotkun fari ekki yfir 50 evrur á mánuði
Hjá Vodafone getur þú notað snjallsímann þinn áhyggjulaus hvar í heiminum sem er. Ef þú þarft meira gagnamagn geturðu stillt notkunina eftir þörfum á Mínum síðum á vodafone.is eða með einu símtali í 1414.
power to you
vodafone.is



Eiffel-turninn er einn vinsælasti bónorðsstaður veraldar.

# Bestu staðirnir fyrir bónorðið

Bónorð er alvörumál og margir leggja mikið á sig til að finna hið fullkomna umhverfi til að bera upp stóru spurninguna. En hvaða staðir njóta mestra vinsælda þegar kemur að því að bera upp bónorðið?

Feneyjar eru samkvæmt flestum heimildum hinn fullkomni staður til að horfa djúpt í augu elskunnar og biðja hana að giftast sér. Sumir ganga svo langt að halda því fram að sá sem aldrei hefur setið undir tónum fiðlanna á Markúsartorginu í tunglsljósi viti ekkert hvað rómantík er.

Eiffel-turninn í París er líka vinsæll staður til að bera upp bónorð. Og hvað gæti verið rómantískara en að standa á efstu hæð turnsins með borg elskendanna baðaða ljósum fyrir fótum sér?

Rockefeller Center í New York er kannski ekki fyrsti staðurinn sem kemur upp í hugann þegar hugsað er um rómantík, en mikill fjöldi fólks nýtir sér þó skautasvellið þar til að biðja um hönd hinnar heittelskuðu, við mikla hrifningu áhorfenda.

Fáir staðir í veröldinni eru þó eins fasttengdir rómantíkinni og Veróna á Ítalíu. Borg Róméós og Júlíu höfðar sterkt til elskenda á öllum aldri og alrómantískasti og vinsælasti staðurinn til að falla á kné og stama út úr sér ástarjátningum er að sjálfsögðu undir svölunum á húsi Júlíu. Það er varla hugsanlegt að fá neitun á slíkum stað.



Hver gæti neitað bónorði sem borið væri upp við svalirnar á húsi Júlíu í Veróna?

**● ALLUR ER VARINN GÓÐUR** Gott er að hafa með sér nesti í handfarangrinum ef óvænt veðurspá tefur áætlaða flugferð og hungrið sverfur að. Veldu orkuríkt nesti sem tekur lítið pláss og þarfnast ekki stöðugrar kælingar, og best er auðvitað ef kosturinn inniheldur prótín, kolvetni og fitu. Samloka með hnetusmjöri er sem dæmi tilvalin í töskuna, seðjandi og bragðgóð. Orkustangir eru heppilegt ferðanesti, einnig hnetur og þurrkaðir ávextir, poppkorn, saltstangir, ostur og kex. Súkkulaði er gott fyrir sálina, veldur vellíðan og slökun, ásamt því að vera stútfullt af orku. Þegar kemur að afþreyingu í langri bið er gott að vita af spilastokk, litlu borðspili eða góðri bók innan seilingar, sem og lítilli skrifblokk til að skrifa í hugrenningar og hugmyndir.



**● FYRIR SJÁLFSTÆÐA FERÐAMENN** Ferðalangur er vefsíða sem miðlar fróðleik til sjálfstæðra ferðalanga, sem ætla að ferðast um meginland Evrópu og á eigin vegum. Þar er hægt að afla sér upplýsinga um flug, gistingu, bílaleigur, íbúðaskipti, sumarhús, siglingar og fleira. Hægt er að gerast áskrifandi að samnefndu fréttabréfi. Ferðalangur er á slóðinni ferdalangur.net og á Facebook.



Akstur frá BSÍ til flugstöðvarinnar með Flugrútunni tekur um það bil 45 MÍNÚTUR •

flugrútan

RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 27. mars til 29. október 2011.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 |
| 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | |
| 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* |
| 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

*26. maí - 4. september.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti!

EXPO · www.expo.is




Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum

SAF Ferðaþjónustu viðurkenning 2011

Global Passenger Network

flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is



Ólafur Magnússon, formaður Litlunefndar 4x4, segir nafnið ekkert segja til um stærð nefndarmanna, heldur standa fyrir litlum jeppum í samanburði við breytta, stóra jeppa innan ferðaklúbbsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Hálendisuppeldi á jeppa

**Hálendisferðir eru heillandi en varhugaverðar ef ekki er farið rétt af stað. Ferðaklúbburinn 4x4 stendur fyrir eftirsóttum kennsluferðum fyrir eigendur óbreyttra jeppa í dagsferðum um villta náttúru landsins.**

„Við höfum tekið minnst 500 manns í hálendisuppeldi síðan í haust,“ segir Ólafur Magnússon, formaður Litlunefndar Ferðaklúbbsins 4x4, sem fer einu sinni í mánuði með nýgræðinga í jeppamennsku í kennsluferðir um hálendi Íslands.

„Með því kennum við jeppafólki að ganga vel um landið og aka ekki utan vegar, því öll viljum við áfram geta notið þess að ferðast um landið okkar,“ segir Ólafur um ferðirnar sem ætlaðar eru fólki á óbreyttum eða lítt breyttum jeppum.

„Enginn skyldi æða reynslulaus og einbíla upp á hálendið yfir vetrartímann. Hættur leynast víða, en helstar eru veðrátta og færð. Við kennum fólki að keyra í snjó, hleypa úr dekkjum og bregðast við aðstæðum eins og þegar dekk affelgast, því í hálendisferðum þarf fólk að kunna að bregðast við. Undirbúningur af þessu tagi dugar til þess að öðlast reynslu og þekkingu, og eykur fólki sjálfstraust að ferðast af öryggi á eigin vegum,“ segir Ólafur um ferðirnar sem njóta mikilla vinsælda og hafa reynst frjósamur jarðvegur fyrir ný vinabönd þar sem fólk heldur áfram að upplifa hálendið saman.

„Reynslan kemur smám saman því maður upplifir aldrei allt í einni ferð. Margir trúa ekki að óreyndu að óbreyttir jeppar komist á hábungu Langjökuls og því mjög gaman að upplifa sigra fólks og gleði þegar slíkur árangur næst,“ segir Ólafur, sem þurft hefur að takmarka fjölda jeppa í hverja kennsluferð niður í 50, en síhækkandi eldsneytisverð hefur síst dregið úr aðsókn ferðafólks.

„Í ferðunum tryggjum við öryggi fólks án þess að rýra ævintýragildið. Farið er í dagsferð á laugardögum og miðvikudaginn á undan er kynningarfundur þar sem farið er yfir helstu öryggisatriði, ferðatilhögun og fleira sem tengist byrjendum í jeppamennsku, eins og hvernig á að keyra yfir vötn, hvernig fjórhjóladrifið virkar og önnur mikilvæg grunnatriði,“ segir Ólafur.

Í kennsluferðunum er jeppum skipt niður í fimm til sjö bíla hópa þar sem fararstjóri fer á undan öllum hópnum, en hópstjórar aðstoða í minni hópum, og eftirfararstjóri rekur lestina og gætir þess að enginn verði eftir.

„Til að komast í kennsluferð er nóg að eiga fjórhjóladrifinn jeppa, með háu og lágu drifi, og miðað er við að dekk séu 35 tommur eða minni. Jepplingar komast ekki því þá skortir millikassa og auðvelt að eyðileggja sjálfsskiptingu þeirra vegna álags á bílinn,“ segir Ólafur sem á laugardaginn fer í kennsluferð í Landmannalaugar.

„Það er samdóma álit manna að þeir læri mikið í þessum ferðum og bros nást ekki af andlitunum enda ósvikið ævintýri þegar fólk tekst á við náttúru lands og sjálft sig í ótrúlegri upplifun.“

Allir eru velkomnir í kennsluferðirnar, aðgangur er ókeypis og engin krafa um félagsaðild. Sjá nánar á www.f4x4.is, þar sem skráningu lýkur í kvöld.

*thordis@frettabladid.is*




## GRÆNN APRÍL

**Græn viðskipti:**

- Taktu vörur framleiddar á Íslandi fram yfir aðrar.
- Veldu lífrænt ræktaðar eða umhverfisvottaðar vörur þegar kostur er.
- Veldu siðgæðisvottaðar vörur.
- Ef þú finnur ekki vottaðar vörutegundir þar sem þú verslar, talaðu þá við verslunarstjórann og kannaðu hvort hann vilji bæta þeim við vöruúrvalið.
- Greindu vistfræðilegt fótspor þitt og gerðu meðvitaðar og markvissar breytingar til að minnka það.
- Njóttu þess að fara í búðir og kaupa inn á nýjan máta.

*www.graennapril.is*





# BÍLAR & FARATÆKI

www.bilaholin.is



Toyota Corolla 1.6 Wagon Sol VVTi, '03/2006 Ekinn 82þús. Ssk, Álfelgur, Fallegur bíll. Ásett Verð 1.790.000.- Áhvílandi lán 1.380.000.-



Ford Focus Ambiente 1.6, 12/2004 Ekinn 72þús. Ssk, aðgerðastýri ofl. Gott eintak. Ásett Verð 1.090.000.-



VW Fox Basicline 1.2, 03/2007 Ekinn 37þús. Bsk 5gíra. Ásett Verð 1.090.000.-




VORTEX Heithúðun á allat gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



**DÍSEL**
KIA PICANTO. Árgerð 2007, ekinn aðeins 48.þ km, 5 gírar. Verð 1.250.000. Rnr.244199.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

K2M



LYNX Rave xtrim 800. Árgerð 2006, ekinn 2.867 km. Tilboðsverð kr.790.000. Rnr.130148.



HONDA Vt 1100c shadow. Árgerð 2004, ekinn 17 Þ.mílur. Verð 980.000. Rnr.130393.



ARCTIC CAT Wildcat. Árgerð 1992, ekinn 6 Þ.km. Verð 220.000. Rnr.130391.



BOMBARDIER Can-am atv. Árgerð 2008, ekinn 8 Þ.KM Verð Tilboðsverð 1.550.000. Rnr.130020.

**K2M**
**Draupnisgata 6, 600 Akureyri**
**Sími: 464 7960**
**Vantar vélsleða á skrá, mikil eftirspurn og sala.**
**http://www.k2m.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Kubistar Diesel Árgerð '07/2010, ókeyrður bíll, með skilrúmi og stigalúgu. Bíllinn er á staðnum! Verð 2.250.000kr með VSK. Raðnúmer 131123. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



YAMAHA XJR 1300. Árg. 2008, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790þ Hrikaleg græja Rnr.102630. Óskum eftir fleiri hjólum á söluskrá okkar.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

Við elskum að selja bíla
DIESEL.is
Kletthálsi 15 • Sími 578 5252



VW Golf Comfortline 12/2004 ekinn 91 þ.km sjálfskiptur, áhvílandi 640.000.- ný yfirfarinn og skipt um tímareim. Staðgreiðsluverð 1.090.000.-



Toyota Yaris T-Sport 12/2002 ekinn 153 þ.km áhvílandi 350.000.- 14þ. á mánuði. Staðgreiðsluverð 690.000.-

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



**Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM og HJÓLHÝSUM Visa/Euro. Stórt útipláss.

**Ferðavagnamarkaðurinn.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Volvo s40 t5 árg'05, 2,5 turbo, 6g, bsk, 4x4, leður, lúga, xenon, sumar og vetrardekk ofl. Flottur bíll. Uppl. í s. 6903294



Til sölu Mitsubishi lancer wagon árg'99, ssk, ekinn 163 þús. Nýmálaður, nýskoðaður án ath. Toppbíll. Uppl.í s. 6903294



**Frúarbíll**
Toyota Corolle S/D Terra 1600 árg. '05, ssk. ek. 48 þ. sumardekk, vetrardekk, álfelgur, smurbók, eingöngu ekið á malbiki. Einn eig. Verð kr. 1.690 þ. Uppl. 824-0440.



Til sölu Nissan sunny '94 4x4 ek. 260þ. nýskoðaður,verð 170þús. Uppl. í s. 860 3747.



Golf árg.'00 ek. 137 þús. Ný hjólalega,tímareim og skoðaður. V. 480 þús. S. 863 8095.



Til sölu kawasaki 1500 vulcan árg. 2005 ek. 22þús. mílur hjól hlaðið aukahlutum. Verð 1350 þús. Möguleiki á kortagreiðslum. Gsm 868 2352.



Trooper árg. 2000. 1150 þús. staðgreitt. Góður bíll sem ég hef átt síðan 2002. Beinskiftur með „öllu" nema framlæsingu. Ekinn 191 þús. Ný skoðaður. 2 x 38" dekkjagangar á felgum. Skipti ATH. Uppl. í s. 858 1081 eða throstur@hbgrandi.is

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!
567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
Nyja.is • S. 567 2277



Tilboð 1.590.000.- CADILLAC Deville dts. Árgerð 2002, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.202171.



Tilboð 3.490.000.- M.BENZ C 320 . Árgerð 2006, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.155013.



Gullmoli til sölu! Renault Clio 2001, 5 dyra, 5 gíra, ekinn aðeins 125þ. 1 eigandi og toppeintak. Verð 490 þús. 774 5188.



Nissan Pathfinder 7.Manna, 272hö. Bensín bíll Leðursæti, topplúga. Bose græjur, fjarstart. Ek. 48þús. Mílur. Vel með farinn, reyklaus 3.790 þús. S. 863 1000



Nissan Almera 1.6 árg'00, ek. 140 þús. 5g. Uppl. í s. 616 2597



Toyota Avensis 2.0l 150hö. 17"Low proflie sumardekk, leður sæti, topplúga. Ek. 94þús. Vel með farinn, reyklaus 1.800þús. S:863-1000




Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í elsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Bílar frá öllum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000

Til sölu Renault Megane Scenic árg'97, bíll í toppstandi og litur vel út. V. 270 þús eða tilboð óskast. Uppl. í s. 899 9590

## 0-250 þús.

**Ódýrir Impreza 120 þ.**
Subaro impreza árg. '95, 5 dyra, hátt og látt drif, krókur, ágætur bíll uppl: 891 9847.

## 250-499 þús.



Toyota árg. 2000. Ek. 162 þús. 5 gíra, sk.2012. Verð 399þús. Uppl. í síma 862 2601.

## 2 milljónir +

Toyota Landcruiser GX 90 11/1999, 38"'. Ek. 143 þ.km diesel, sjálfsk, toppl, aukatankur,loftdæla,kastarar og grind, hiti í sætum o.fl. aukahl. Einn eigandi í toppstandi. Verð 2.590.000. Sími 8626258

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól

VDO Offroad Line



Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Mótorhjól




## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746

## Vélsleðar







## Kerrur



Humbaur kerrur burðargeta 620 kg. innanmál 205x110x30 cm. 13" dekk verð aðeins 150.000 kr.m.vsk. Fjölbreitt úrval af kerrum á staðnum. Viðgerða og varahlutaþjónusta. www.kerrusalan.is Lyngás 8, Garðabæ s. 517 7718

## Hjólhýsi



Hobby 560 ufe árg.05 breidd 250 cm Markísa+3hliðar, sólarsella, auka vatnsk, útvarpm. DVDSjónvarpstengi+loftn. snyrtilegt og reyklaust. S.8973327

# TILBOÐ

## ÐANDI HEIT MÓDEL • OPIÐ ALLA HELGINA



SB970

## TK81

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með ofur öflugan fjögra kjarna örgjörva, alvöru DX11 leikjaskjákort, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Phenom II Quad Core X4 N970 2.2GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

packard bell

**134.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG



HR009

VAR AÐ LENDA SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

2GB DX11 SKJÁKORT

packard bell

## TS11

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB 4xHT
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- nVIDIA Optimus orkusparandi tækni
- 300Mbps þráðlaust net og USB3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



SB661

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR

Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

## LM81

- Phenom II Dual Core X2 N660 3.0GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

OFUR ÖFLUG MEÐ LEIKJASKJÁKORTI



20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

VERÐ VÖRN

acer

P344G50

## G640G

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug 17" leikjafartölva úr nýrri eMG línu frá Acer með öflugu 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákorti og alla nýjustu tækni

- Athlon II Dual Core X2 P340 2.2GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.900**

NÝJASTA KYNSLÓÐIN FRÁ ACER



ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER

P343G32

## G640

- Athlon II Dual Core X2 P340 2.4GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4250 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

acer

**89.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



10 ÞÚSUND AF ÖLLUM SONY

EA4S1E

## VAIO VPC

- Intel Core i3-380M 2.53GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 14" HD VAIO 1366x768 LED skjár
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 2.1
- 1.3MP Motion Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

SONY

**159.900**

GLÆSILEG BLEIK FARTÖLVA



3G 10" TEGRA 3G SPJALDTÖLVA 69.900

ÚRVAL SPJALDTÖLVA Á TILBOÐI FRÁ 24.900

ALLT AÐ 10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF SPJALDTÖLVUM

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

4BLS BÆKLINGUR

FULL HD 1080p ÞESSI SPILAR ALLT

# 1.5TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

Nýi Argosy FULL HD margmiðlunarspilarinn spilar allar 1080p HD kvikmyndir og er með 1080p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum.

- Ný kynslóð 1080p FULL HD spilara
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080p HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

ARGOSY

**29.900**

Á TILBOÐI TIL PÁSKA

HV373T

LACIE

1 STK Á MANN AÐEINS 100 STK Í BOÐI

# 1.5TB

## LACIE FLAKKARI

- 1.5TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- Reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**12.900**

EITT STYKKI Á MANN!

intel Core i5

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

RISA PÁSKAEGG STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# GIGABYTE

## DELUXE TÖLVUTILBOÐ 4

- GIGABYTE LUXO X140 leikjaturn
- Intel Core i5-2400 Quad 3.4GHz
- GIGABYTE PH67A-UD3-B3 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB GTX550Ti DX11 3D Vision Ready
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**159.900**

ÓTRÚLEGT PÁSKATILBOÐ!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. * Páskaegg fylgja meðan birgðir endast

NR.2 PÁSKAEGG LÍTIÐ PÁSKAEGG NR.2 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

BenQ

G2222

# 22"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

BenQ leiðir LED tæknina með nýrri kynslóð tölvuskjáa með Senseye 3 tækni sem tryggir enn meiri myndgæði, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- Glæsilegur og stílhreinn 22" LED skjár
- 22" LED FULL HD 1080P 16:9
- 5.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**24.900**

GLÆSILEGUR LED SKJÁR

50% AFSLÁTTUR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MÓÐURBORÐUM

GTX550 1GB EXTREME OC LEIKJASKJÁKORT 26.900

320GB ÖRSMÁR LACIE RIKIKI FLAKKARI 8.990

ÞRÁÐLAUST HÁGÆÐA 2.4GHz LYKLABORÐ OG MÚS 3.990

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

24"3D ACER 3D LED SKJÁR MEÐ 3D GLERAUGUM 79.900

2TB ÖFLUGUR SATA3 HARÐUR DISKUR 14.900

20" GLÆSILEGAR 20" BORÐTÖLVUR 69.900

2TB LACIE MINIMUS USB3.0 FLAKKARI 19.900

24" BENQ G2420HD LCD SKJÁR 34.900

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISLYKLUM

OPIÐ ALLA HELGINA

Mið, Fim, Föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík · Borgartúni 31 · 563 6900 | Akureyri · Undirhlíð 2 · 430 6900

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Merking - Skiltagerð**

**Óskum eftir starfsmönnum til sumarstarfa við skiltagerð og tengd verkefni.**
**Reynsla af svipaðri starfsemi æskileg.**
**Umsóknir skulu berast með tölvupósti á merking@merking.is**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir starfsfólki til úthringinga á kvöldin. Góð laun í boði. Uppl gefur Viggó í 553-6688 eða viggo@tmi.is

Vantar kokk til vinnu á spáni, frá mai til nóv. S. 699 5552.

BILAPARTAR.IS

Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

**Starfsmaður óskast**
Verður að tala og skrifa íslensku. Eingöngu fólk með mikla þekkingu á bílum koma til greina. Reyklaus, stundvís og heiðarlegur starfsmaður getur sótt um Hjá Bílapörtum ehf Grænumýri 3. Mosfellsbæ til 15.april.

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Atvinna

### Ertu með gott auga fyrir garðahönnun?

Steypustöðin ehf leitar að samstarfsaðila við garðahönnun fyrir viðskiptavini Steypustöðvarinnar. Viðkomandi mun taka á móti viðskiptavinum Steypustöðvarinnar á fyrirfram ákveðnum tímum í höfuðstöðvum fyrirtækisins, Malarhöfða 10 í Reykjavík.

Við leitum að einstaklingi með reynslu og þurfa umsækjendur að leggja fram sýnishorn af fyrri verkefnum.

Þeir sem hafa áhuga og vilja frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Hrafnhildi í síma 4400400 eða á netfangið hrafnhildurh@steypustodin.is fyrir 28.april n.k.

SFH

**Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda auglýsir hér með eftir starfsmanni í fullt starf til þess að annast skráningu ýmissa upplýsinga varðandi aðkomu tónlistarflytjenda og framleiðenda að útgáfum hljóðrita til undirbúnings úthlutun réttinda auk annarra skyldra verkefna fyrir flytjendur og framleiðendur.**

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda eru heildarsamtök sem annast innheimtu á endurgjaldi fyrir flytjendur og framleiðendur á flutningi tónlistar á hljóðritum í útvarpi eða opinberum stöðum.
Krafist er þekkingar á íslensku tónlistarlífi og hljómlistariðnaði auk góðrar tölvuþekkingar.Æskilegt er að starfsmaður hafi háskólamenntun eða hafi viðamikla reynslu á þessu sviði auk þess að vera góður í mannlegum samskiptum.

Tilboð merkt SFH Box 150 172 Seltjarnarnesi og berist fyrir 20.apríl. n.k.. Æskilegt er að hinn nýi starfsmaður getið hafi störf sem fyrst.

## Fundir / Mannfagnaður

EFLING STÉTTARFÉLAG

### Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2011 verður haldinn miðvikudaginn 20. apríl í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 20.00

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 13.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

**Stjórn Eflingar-stéttarfélags**

### Vinir Þórsmerkur funda

Miðvikudagskvöldið 13. apríl halda samtökin Vinir Þórsmerkur almennan fund í FÍ salnum í Mörkinni 6. Samtökin og starfsemi þeirra verður kynnt í máli og myndum og fundargestum gefst kostur á að ganga til liðs við samtökin.

Þrjú áhugaverð erindi verða haldin og fróðlegar myndir sýndar.

**Hreinn Óskarsson** skógarvörður Skógræktar ríkisins á Suðurlandi. Saga skógarfriðunar í Þórsmörk – áhrif öskufalls á skóginn.

**Rannveig Ólafsdóttir** lektor HÍ. Ástand gönguleiða um Þórsmörk.

**Oddur Hermannsson** landslagsarkitekt. Skipulagsmál í Þórsmörk. Mörkin sem ferðamannastaður.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Fundarstjóri er Páll Ásgeir Ásgeirsson

*Dignus Care - Medical Care AS is a recruitment firm which employs and hire out qualified staff within the health service to counties, hospitals and private institutions.*



**SUMMER 2011** *-dignified care!*

*We are not the largest, but we are genuinely interested in being the best employer for our employees. Many firms claims that their employees are an important resource, but to us you are the definitely most important and precious resource. We will therefore take care of you in the best way possible!*

dignus care

Dignus Care - Medical Care AS
Telefon +47 08595
jobb.helse@dignuscare.no
**www.dignuscare.no**
24/7 service

To meet the increasing demand for labour in Norway we are now looking for:
**Nurses, auxiliary nurses and medicine students.**

**We can offer you:**

- **Free journey**
- **Free accommodation**
- **Competitive salary**
- **Insurance**
- **Assignments throughout Norway**
- **Guaranteed 100% salary during the summer***

* Conditions apply

Summer bonus
*High summer bonus from day one. No limitations.*

Recruitment bonus
*If you enlist a nurse for the summer, you'll receive a recruitment bonus worth a 1000,- NOK**

Registration offer
*Everyone that places a registration on our website* ***www.dignuscare.no*** *before the 1th of May will have to chance to win a 10 000,- NOK gift card.*

* Please contact us for more information.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gá, **6.** í röð, **8.** framhjáhald, **9.** arinn, **11.** eyrir, **12.** ríki í Norður-Afríku, **14.** lést, **16.** tveir eins, **17.** kjáni, **18.** eyrir, **20.** utan, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ofsi, **3.** eftir hádegi, **4.** handarlínulist, **5.** bjálki, **7.** teppun, **10.** hljóðfæri, **13.** strá, **15.** málmhúða, **16.** yfirbreiðsla, **19.** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gelt, **6.** rs, **8.** hór, **9.** stó, **11.** fé, **12.** líbýa, **14.** fórst, **16.** ll, **17.** api, **18.** aur, **20.** án, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** æsrl, **3.** eh, **4.** lófaspá, **5.** tré, **7.** stíflun, **10.** óbó, **13.** ýra, **15.** tina, **16.** lak, **19.** rú.


**Sælgætisgerðin Freyja óskar eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar í almenn skrifstofustörf**
frá 1.maí – 1.sept 2011.
Þekking á Navision æskileg.




Umsóknir sendist á
starf123@gmail.com
fyrir 17. apríl.


# Herra forseti, Davíð Oddsson

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Við Íslendingar höfum kannski takmarkaðan aðgang að erlendum lánamörkuðum, virðingu matsfyrirtækja eða trúverðugleika á alþjóðavettvangi; en af orðum forsetans að dæma í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave búum við yfir mun verðmætari auðlind: Lofti.

**NÚ** skal hóa aftur saman klappliðinu sem verið hefur í fríi frá hruni og minna umheiminn á hvað við erum æðisleg. Öllu skal tjaldað til, frá „menntun“ og „menningu“ landsins að „legu“ þess. Þagga verður niður í leiðindapúkunum og skulu skoðanaskipti víkja fyrir „samstöðu“ og „einum rómi“. Forsvarsmenn atvinnulífsins eru skammaðir eins og óstýrilát börn fyrir að „tala íslenskt atvinnulíf niður“. Forsendur málsins skipta ekki máli. Yfir Icesave-hindrunina skulum við svífa á uppblásnu þjóðaregói þar sem forsetinn er á blöðrupumpunni eins og trúður í barnaafmæli.

**ÞETTA** hljómaði kannski sem ágætishugmynd ef ekki væri fyrir þær sakir að við höfum reynt þetta áður með niðurstöðu sem flestir þekkja sem Icesave. Það síðasta sem ekki mátti „tala niður“ var nefnilega íslenska bankaundrið. Og þá var forsetinn einmitt líka á pumpunni.

**ÓLAFUR** Ragnar Grímsson er þekktur fyrir að endurskilgreina forsetaembættið eins og kamelljón skiptir um lit. En með því að hafa í þrígang í forsetatíð sinni gripið fram fyrir hendur þingmeirihluta og synjað lögum staðfestingar hefur hann gert embætti, sem áður var að mestu upp á punt, að hápólitískri stöðu. Þeir sem kusu til forseta eftir því hvaða frambjóðandi var bestur í að veifa þurfa því að hugsa kosningastrategíu sína upp á nýtt.

**Á** sama tíma og við Íslendingar glímum við hlutverk forsetans hefur sprottið upp sjaldheyrð umræða í Bretlandi um hvort koma eigi á fót forsetaembætti þar í landi. Takmarkaður áhugi Breta á brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins og unnustu hans hefur reynst vatn á myllu lýðveldissinna, sem vilja konungsfjölskylduna burt og forseta í staðinn. Ein eru þó þau rök sem eru lýðveldissinnum slíkur fjötur um fót að með fjórum orðum er tillaga þeirra afskrifuð: „President Thatcher, president Blair“.

**EINHVERJUM** kann að hrjósa hugur við orðunum „herra forseti, Davíð Oddsson“. Festist í sessi sú stefna sem Ólafur Ragnar hefur markað forsetaembættinu í tíð sinni er hins vegar hætta á að ekki líði á löngu uns embættið verði að síðasta pólitíska áningarstað útbrunninna pólitíkusa; síðasta tækifæri þeirra til að halda í áhrif. Hvort sem við Íslendingar viljum forseta sem er góður í að veifa eða forseta sem hefur eitthvað um stjórn og stefnu landsins að segja er þó eitt víst: hlutverkið á ekki að vera ákvarðað af embættismanninum sjálfum.






## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

**Brautarholt Kjalarnesi. Golfvöllur**

Umsókn hefur borist skipulagsyfirvöldum um deiliskipulag í landi Brautarholts á Kjalarnesi þar sem gert er ráð fyrir golfvelli. Áform eru uppi um 20 golfbrautir á landi sem liggur frá sjó og inn í land á milli klettaborga. Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er umrætt svæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og merkt (G) golfvöllur og því fyrirhuguð umsókn um deiliskipulag í samræmi við landnotkun. Áður en heimilt er að auglýsa deiliskipulagið þarf skv. nýjum skipulagslögum að leggja fram verkefnislýsingu um hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni, með vísan til 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki krafist umhverfismats vegna fyrirhugaðrar breytingar á landnotkun, þar sem tún og óhreyft land verða golfvöllur

Lýsingin verður aðgengileg á vef Skipulags- og byggingarsviðs, **www.skipbygg.is**, og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri, skriflega eða á netfangið **skipulag@rvk.is**.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# ARNALDUR KLIKKAR EKKI






★★★★½

„... BESTA OG ÞROSKAÐASTA VERK HÖFUNDAR TIL ÞESSA ... ARNALDUR SKRIFAR BETUR EN NOKKUR ANNAR ÍSLENSKUR GLÆPASAGNAHÖFUNDUR.“

KB / MORGUNBLAÐIÐ

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Komin í kilju

★★★★

„FURÐUSTRANDIR ERU METNAÐARFULLT VERK ... ÞETTA ER ARNALDUR EINS OG HANN GERIST BESTUR, JAFNVEL BETRI.“

FB / FRÉTTABLAÐIÐ

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

folk@frettabladid.is



**120** *Vörubifreiðar þarf til að ferja fimmtíu metra hátt hljóðkerfi U2 á tónleikaferðinni 360 Degree. Tónleikaferðin hefur þegar slegið tekjumet Rolling Stones og eru þó tuttugu tónleikar eftir.*






# Eignast barn með dóttur Stewarts

Ein stærstu tíðindin í heimi frægra og ríka fólksins eru þau að Kimberly Stewart er ólétt. Það eitt og sér er auðvitað ekki fréttaefnið heldur sú staðreynd að pabbinn er Óskarsverðlaunaleikarinn Benicio Del Toro. Og þau tvö eru ekki par. Og hafa engar háleitar hugmyndir um að verða par í nánustu framtíð.

Kimberly þessi er dóttir kvennabósans Rods Stewart og líkt og faðir hennar hefur hún ekki verið við eina fjölina felld undanfarin ár. Kimberly hefur átt vingott við alls konar smástirni á undanförnum árum og líka stórstjörnur á borð við Jude Law og Rhys Ifans. Hún varð hins vegar ólétt eftir einnar nætur gaman með Del Toro og samkvæmt breskum fjölmiðlum sýnir hann þessu mikinn skilning og hyggst styðja þétt við bakið á stúlkunni.

Ekkert hefur hins vegar frést af viðbrögðum afans sem eignaðist sitt áttunda barn fyrir skemmstu með fyrirsætunni Penny Lancaster.



**GERIR STEWART AÐ AFA** Benicio Del Toro hefur barnað dóttur Rods Stewart, Kimberly Stewart, eftir einnar nætur gaman.

# Ætla að reyna aftur

Leikkonan Michelle Williams og leikstjórinn Spike Jonze hafa verið að stinga saman nefjum aftur, rúmu ári eftir að þau slitu sambandi sínu. Parið tók fyrst saman sumarið 2008 en leiðir þeirra skildu ári síðar.

Sögusagnir herma að Jonze hafi boðið Williams á tónleika fyrr í mánuðinum í von um að endurnýja vinskap þeirra og hafi hún þegið boðið. „Spike veit að það voru mistök að slíta sambandinu við Michelle og vill ólmur fá hana til baka. Þau ætla að láta reyna á þetta en Michelle vill fara varlega í sakirnar því Spike hefur hryggbrotið hana áður,“ var haft eftir innanbúðarmanni.



**REYNA AFTUR** Michelle Williams og Spike Jonze ætla að endurnýja samband sitt. NORDICPHOTOS/GETTY







# FINNA EKKI FÓLK Í KVIÐDÓM

**Fjölmiðlar búa sig undir mikið fár þegar réttarhöld yfir Conrad Murray, lækni Michaels Jackson, hefjast. Erfiðlega gengur að finna fólk í kviðdóm.**





**SIRKUS** Michael Jackson var vinsælasti popptónlistarmaður sögunnar og má því búast við miklum fjölmiðlasirkus þegar réttarhöld yfir lækni hans, Conrad Murray, hefjast.

Þótt bráðum séu liðin tvö ár frá því að Michael Jackson lést langt fyrir aldur fram standa enn réttarhöld yfir lækni poppguðsins, dr. Conrad Murray. Hann er grunaður um að valdið dauða Jacksons með því á ávísa á hann of sterkum verkjalyfjum og hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Hins vegar virðast réttarhöldin sjálf ætla að leysast upp í einhvers konar farsa því erfitt hefur reynst að finna hæfa þátttakendur í kviðdóm.

Fulltrúarnir verða að vera algjörlega hlutlausir gagnvart málin og best er ef þeir hafa ekkert heyrt um málavexti. Alls voru 470 manns boðaðir í viðtöl en aðeins þrír af þeim höfðu ekki kynnt sér málavexti. Dómari í málinu, Michael Pastor, hefur nú skipað hinum 470 að hvorki tala né hlusta á neitt um málið, ekki lesa um það né horfa á þætti um það í sjónvarpi, lesa blogg, twitter-síður eða Facebook og forðast dagblöð í lengstu lög.

Ed Chernoff, lögmaður dr. Murray, er ekki sammála dómaranum með svona stífar reglur, segir fjölmiðla almennt vera hlutlausa í sinni umfjöllun. „Hins vegar ættu væntanlegir kviðdómendur að forðast blogg og netið. Það sem þar birtist er langt frá því að vera hlutlaust.“ Talsmaður saksóknara, Sandi Gibbons, vildi meina að hvert einasta mannsbarn hefði heyrt af málinu og líkti réttarhöldunum nú við réttarhöldin yfir OJ Simpson en þau fóru einmitt fram í sama réttarsal og réttað verður yfir Murray. Gert er ráð fyrir því að val í kviðdóm hefjist 4. maí og að opnunarræður lögmanna og saksóknara verði fluttar 9. maí.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Hjálmar spila fyrir íslenska keppendur

**Hljómsveitin Hjálmar heldur tónleika til styrktar íslenskum keppendum á Special Olympics 2011. Tónleikarnir fara fram á Nasa á föstudaginn. Sérstakur gestur verður hljómsveitin Valdimar. Meðlimir Hjálma vilja koma því á framfæri að þeim þykir afskaplega vænt um að fá að standa fyrir þessum tónleikum og hjálpa þannig einstöku íslensku íþróttafólki að láta draum sinn rætast. Miðaverð er kr. 1.500 og renna peningarnir óskiptir til ferðarinnar. Miðasala er við innganginn. Húsið verður opnað kl. 21 og tónleikarnir hefjast kl. 22.**


Fyrirlestrar
Christopher Vasey

Að deyja er að fæðast fyrir handan

14. apríl 2011 kl. 20:00
Radisson Blu Saga Hotel
v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Þess vegna lifum við eftir andlátið

15. apríl 2011 kl. 20:00
Radisson Blu Saga Hotel
v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Erindin verða flutt á ensku.
Aðgangseyrir 500 kr.
Skipuleggjandi:
Christof.Leuze@leuze.de






LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is




Multidophilus
Öflug samsetning mjólkursýrugerla fyrir meltinguna. Viðheldur góðri þarmaflóru. Gott á álagstímum og í ferðalagið.

Fyrir þig í Lyfju






**NÝKOMINN HEIM** Geir Ólafsson er nýkominn heim frá Kaliforníu þar sem upptökur fóru fram á fjórðu sólóplötu hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekki veikan blett að finna

**Upptökum á fjórðu plötu Geirs Ólafssonar lauk fyrir skömmu í Kaliforníu. 22 hljóðfæraleikarar komu við sögu og stóðu upptökur yfir í þrjá og hálfan tíma.**

„Með Guðs hjálp eru manni allir vegir færir,“ segir söngvarinn Geir Ólafsson. Hann er nýkominn heim frá Palm Springs í Kaliforníu þar sem upptökur fóru fram á fjórðu sólóplötu hans.

Alls léku 22 hljóðfæraleikarar inn á plötuna undir stjórn Teds Herman og tók upptakan ekki nema þrjár og hálfa klukkustund. Herman og félagar hafa unnið með mörgum frægum á ferli sínum, þar á með Frank Sinatra, Louis Armstrong og Dean Martin. „Það er ekki veikan blett að finna í þessu bandi. Þeir hafa gríðarlega reynslu og þetta er rosalega flott sánd sem þeir hafa upp á að bjóða,“ segir Geir, sem dvaldi úti í eina viku. „Það er svakalegur skóli og mikill heiður að fá að gera þetta. Það er ekki á hverjum degi sem menn fá að taka upp með bigbandi í Bandaríkjunum. Þeir hafa trú á því sem ég er að gera og það er frábært að hafa fengið þetta tækifæri.“

Það var í gegnum kynni sín af Don Randi, fyrrverandi píanista Franks Sinatra, sem Geir fékk tækifærið til að búa til plötuna og kann hann Randi bestu þakkir fyrir hjálpsemina.

Á meðal laga á plötunni eru Just a Gigolo, Sunny, Mambo Italiano og Copacabana. Söngur Geirs verður tekinn upp hér heima og mun Vilhjálmur Guðjónsson stjórna upptökunni. Plötunni verður dreift í haust víðs vegar um Kaliforníu og hér heima.

Geir ætlar að kynna plötuna bæði hér heima og í Bandaríkjunum og býst við því að stórsveit Hermans verði honum til halds og trausts.

freyr@frettabladid.is


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| YOUR HIGHNESS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.10 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| YOUR HIGHNESS | 6, 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 8 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

SAMBÍÓIN






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40VIP - 8 - 10:20 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5.30 - 8 - 10.15 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| HALL PASS | kl. 5.25 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LE COMTE ORY Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10 | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 10:40 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | morgun kl. 10:40 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | Sýnd á morgun kl. 5:50 | 16 |

ÁRSFUNDUR
ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2011

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2011 á Hilton Reykjavík Nordica hótel kl. 17.15.**

DAGSKRÁ
1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2010 og tryggingafræðilega athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 21. apríl 2011 kl. 24.00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

www.almenni.is
ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 17:50 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | 22:00 |
| ARNARHR.: ELDBORG – SÖNN ÍSLENSK ÚTIHÁTÍÐ | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI







## AMD TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite midi turn
- Athlon II X260 3,2GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB SATA III WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- LG 21,5" LCD 1920x1080 skjár
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**TÖLVUPAKKI 129.950**

## INTEL TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite 335 midi turn
- Intel Core i5 2500 Quad 3.3GHz
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB SATA III WD diskur
- Geforce N550GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Samsung 23" LCD Full HD 1920x1080 skjár
- Logitec S220 2,1 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**TÖLVUPAKKI 199.950**

## AMD TURN



### AMD turnvél 5

- CoolerMaster HAF 912 turn
- AMD Phenom II SixCore 1055T örgjörvi
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA 3 WD diskur
- Geforce N470GTX 1280MB GDDR5 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**179.950**

## AMD TURN



### AMD turnvél 3

- CoolerMaster Elite midi turn
- Athlon II X3 450 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**99.950**

## FJÖLNOTATÆKI



EPSON

### Epson SX420W

- Prentari og skanni með LCD skjá
- Þráðlaust netkort
- Prentar allt að 35 bls. á mínútu
- Upplausn allt að 5760x1440p
- Skannar í 1200x2400p upplausn
- Kortalesari. USB. Windows og Mac

**14.450**

## ACER ASPIRE FARTÖLVA




### Acer Aspire 5742ZG-P614G50Mnkk

- 2.0GHz Intel Pentium Dual-Core P6100
- 512MB AMD HD 5470 DX11
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 15.6" WXGA LED CineCrystal

**97.950**

## LEIKJAMÚS



### Logitech MX518

Optical tölvumús með stillanlegri næmni, fjölda Macro takka ofl. Pottþétt í leikina.

**6.950**

## 1TB FLAKKARI



### WD Elements

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**11.950**

## SJÓNVARPSFLAKKARI



UNITED

500GB HDMI 720/1080i

### United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

**17.950**

## ACER ASPIRE FARTÖLVA




### Acer Aspire One D255-N55DQkk

- 1.5GHz Intel Atom N550 Dual Core
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 10,1" WXGA TFT skjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Kortalesari og vefmyndavél
- Windows 7 Starter og Android 2.1
- Allt að 8 tíma rafhlöðuending

**57.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is


@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

# sport

sport@frettabladid.is



**VALUR** getur í kvöld tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna, annað árið í röð. Valur hefur 2-0 forystu í úrslitaeinvíginu gegn Fram, sem hefur mátt sætta sig við silfrið á Íslandsmótinu undanfarin þrjú ár. Þessi sömu lið áttust einnig við í úrslitunum í fyrra og þá vann Valur 3-1 sigur í rimmunni eftir að hafa komist 2-0 yfir.

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

**Manchester United - Chelsea 2-1**
1-0 Javier Hernandez (43.), 1-1 Didier Drogba (77.), 2-1 Ji-Sung Park (77.).
*Manchester United vann samanlagt, 3-1, og mætir annað hvort Inter eða Schalke í undanúrslitunum.*

**Shakhtar Donetsk - Barcelona 0-1**
0-1 Lionel Messi (43.).
*Barcelona vann samanlagt, 6-1, og mætir annað hvort Real Madrid eða Tottenham í undanúrsl.*

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| Tottenham - Real Madrid | kl. 18.45 (0-4) |
| Schalke - Inter | kl. 18.45 (5-2) |

*Enska B-deildin*

**Barnsley - QPR 0-1**
Heiðar Helguson lék allan leikinn í liði QPR.
**Portsmouth - Coventry 0-3**
Hermann Hreiðarsson, Portsmouth, og Aron Gunnarsson, Coventry, léku báðir allan leikinn.
**Scunthorpe - Reading 0-2**
Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru ekki í leikmannahópi Reading.

| | |
|---|---|
| Derby - Leeds | 2-1 |
| Doncaster - Preston | 1-1 |
| Ipswich - Middlesbrough | 3-3 |
| Leicester - Crystal Palace | 1-1 |
| Millwall - Bristol City | 0-0 |
| Nottingham Forest - Burnley | 2-0 |
| Sheffield United - Cardiff | 0-2 |
| Swansea - Hull | 1-1 |
| Watford - Norwich | 2-2 |



Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.
BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is


# Ferguson skákaði Ancelotti

**Sir Alex Ferguson sýndi í gær að hann er enn fremstur meðal jafningja er lið hans, Manchester United, tryggði sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir sigur á Chelsea. Barcelona komst einnig áfram eftir skyldusigur.**

**FÓTBOLTI** Manchester United og Barcelona tryggðu sér í gær bæði sæti í undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu eftir sigra í sínum rimmum í fjórðungsúrslitunum. United hafði betur gegn löndum sínum í Chelsea, 3-1 samanlagt, á meðan Börsungar kláruðu sitt skylduverk gegn Shakhtar Donetsk í Úkraínu.

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, ákvað að veðja á Fernando Torres í stað Didier Drogba fyrir leikinn. Torres hafði ekki skorað í tíu leikjum en Ancelotti ákvað samt að gefa honum tækifærið á kostnað Drogba, sem hefur margoft reynst Chelsea vel í gegnum tíðina.

Þetta gekk ekki eftir. Chelsea stjórnaði leiknum fyrstu 30 mínúturnar en þrátt fyrir það náði Torres sjaldan að láta til sín taka svo einhverju máli skipti. Þessar fyrstu 30 mínútur hefðu átt að gefa Chelsea von í þessari rimmu. Þess í stað komst United yfir með marki Javier Hernandez skömmu áður en flautað var til hálfleiks.

Ancelotti reyndi að bjarga andlitinu með því að skipta Drogba inn á í hálfleik og hann átti vissulega eftir að skora – jafnvel þó svo að Chelsea hafði þá misst Ramires af velli með rautt spjald. Drogba skoraði af miklu harðfylgi á 77. mínútu leiksins og galopnaði leikinn á ný. Eitt mark til viðbótar og Chelsea myndi komast áfram.

En þessi gluggi lokaðist aðeins fáeinum tugum sekúnda síðar. United hélt í sókn sem endaði með því að Suður-Kóreumaðurinn öflugi Ji-Sung Park skoraði sigurmark United í leiknum og skaut þar með liðið áfram í undanúrslitin.

Ancelotti var niðurlútur eftir leikinn enda Meistaradeildardraumurinn úti og Torres að reynast ansi dýrkeypt „flopp“ – að minnsta kosti eins og málin standa nú. „Við stjórnuðum leiknum fyrstu 25 mínúturnar en náðum ekki að skora,“ sagði Ancelotti. „Það var erfitt fyrir okkur að koma til baka eftir að við misstum mann af velli en okkur tókst það engu að síður. Það var ekki nóg.“

Engum leynist að eiganda Chelsea, Roman Abramovich, dreymir um sigur í Meistaradeildinni og ljóst er að Ancelotti féll á prófinu í gær. Framtíð hans hjá félaginu verður að teljast í mikilli óvissu.

Alex Ferguson hafði einfaldlega betur í baráttu knattspyrnustjóranna í gær. Liðið sem hann stillti upp stóð fyrir sínu og gott betur. Hernandez og Park komust á blað en arkitektinn að báðum mörkum þeirra var hinn 37 ára gamli Ryan Giggs, sem lagði því upp öll þrjú mörk United í rimmunni. Wayne Rooney átti einnig frábært kvöld og átti stóran þátt í sigrinum.

„Við vorum betri í kvöld. Leikmennirnir stóðu sig frábærlega og enginn brást okkur,“ sagði Ferguson, sem á enn möguleika á að endurtaka afrekið frá 1999 er United vann þrefalt. „Við spiluðum mjög vel gegn mjög góðu liði. Chelsea átti stóran hlut í leiknum í kvöld.“

„Við áttum þetta skilið,“ bætti Giggs við. „Við spiluðum vel, vorum með gott plan sem við héldum okkur við og uppskárum tvö mörk.“

Lionel Messi tryggði Barcelona 1-0 sigur á Shakhtar Donetsk í gær en Börsungar unnu samanlagðan 6-1 sigur. Þetta var 48. mark Messi á leiktíðinni í öllum keppnum, sem er met hjá leikmanni í spænsku úrvalsdeildinni.

eirikur@frettabladid.is



**FÓRU ILLA MEÐ CHELSEA** Javier Hernandez, Ji-Sung Park og Wayne Rooney fagna í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



**TÖFRAMAÐUR** Lionel Messi hefur skorað 48 mörk í öllum keppnum með Barcelona á leiktíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÖFLUGIR FH-INGAR** Sigurgeir Árni Ægisson, Ásbjörn Friðriksson og Ólafur Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppgjör í N1-deild karla:

## Ásbjörn bestur á lokakaflanum

**HANDBOLTI** Leikmenn FH og Vals voru áberandi þegar síðustu sjö umferðir deildarkeppni N1-deildar karla var gerð upp í gær.

Ásbjörn Friðriksson leikstjórnandi var valinn besti leikmaðurinn og Ólafur Guðmundsson besta vinstri skyttan og Sigurgeir Árni Ægisson besti varnarmaðurinn. Þeir eru allir FH-ingar. Þá voru þjálfarar FH, Kristján Arason og Einar Andri Einarsson, valdir bestir af þjálfurum deildarinnar.

Alls átti Valur þrjá leikmenn í liði umferðanna – þá Hlyn Morthens, Erni Hrafn Arnarsson og Orra Frey Gíslason. Þá voru þeir Bjarki Már Elísson, HK, og Bjarni Fritzson, Akureyri, valdir í liðið.

Bestu dómararnir voru valdir þeir Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson.

Úrslitakeppnin í N1-deild karla hefst á morgun. Akureyri tekur á móti HK og FH mætir Fram. - esá

Sundsvall í góðri stöðu:

## Einum sigri frá úrslitunum

**KÖRFUBOLTI Jakob Sigurðarson var stigahæstur í liði deildarmeistara Sundsvall Dragons sem vann sigur á Södertälje Kings, 81-76, í úrslitakeppni sænsku úrvalsdeildarinnar í gær. Sundsvall er komið í 2-0 forystu í undanúrslitarimmu liðanna og því aðeins einum sigri frá sæti í lokaúrslitunum.**

**Jakob skoraði 20 stig fyrir Sundsvall í leiknum og gaf fimm stoðsendingar. Hlynur Bæringsson skoraði tólf stig og tók sjö fráköst. Södertälje leiddi lengst af í leiknum en Sundsvall sneri leiknum við á síðustu fimm mínútum leiksins.** - esá


STUND SANNLEIKANS



Í kvöld | Leikur 3 | Valur leiðir 2-0
VALUR - FRAM
Vodafone-höllin | Kl. 19.30
Frítt fyrir 15 ára og yngri!

Valur tryggir sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í kvöld.
SKYLDUMÆTING


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS
1398 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBAHRYGGUR
259 KR.KG
FROSINN LAMBASVIÐ
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
DUNI PÁSKA SERVÍETTUR
298 KR.
MACKINTOSH 1 KG
1598 KR.
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ
SPARHAKK
359 KR.625g
KORNBRAUÐ
1 KG / 26 SNEIÐAR
KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.
PÁSKALILJA Í POTTI
398 KR.
898 KR.KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
GEVALIA KAFFI
MELLANROST
Síðust pakkarnir
á þessu verði
495 KR.500g
BÓNUS
RISAPÁSKAEGG
SAMA VERÐ OG Í FYRRA
1998 KR.1.KG
NORÐANFISKUR
ÍSLENSK BLEIKJA
BEINLAUS MEÐ ROÐI
1598 KR.KG
4 flöskur x 1.5 ltr.
COCA COLA
659 KR.6 ltr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## > Will Ferrell

„Oft eru hafðar eftir mér einhverjar tilvitnanir sem ég man ekki eftir að hafa sagt. Það er stundum ansi súrrealískt.“

***Will Ferrell leikur landkönnuð sem fer aftur í fortíðina til að hitta risaeðlur og frumbyggja í fjölskyldumyndinni Land of the Lost sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFIR Á BEINAR ÚTSENDINGAR

# *Körfuboltaveislan endalausa*

Á mánudagskvöld hófst úrslitaeinvígi KR og Stjörnunnar í úrvalsdeildinni í körfubolta. KR vann leikinn sannfærandi og Stjörnumenn þurfa að hysja rækilega upp um sig buxurnar, ætli þeir ekki að láta firnasterka Vesturbæinga sópa sér í sumarfrí.

Ég er með einlægan áhuga á körfubolta og fylgist með þrátt fyrir að mínir menn í Tindastóli hafi ekki komist í úrslitakeppnina í ár. Ég er svo heppinn að vera með aðgang að sportstöðvum Stöðvar 2 og verð að hrósa þeim fyrir ítrekaðar og vel heppnaðar beinar útsendingar frá úrslitakeppninni sem hefur verið hörkuspennandi. Ég sá tvo leiki í undanúrslitaeinvígi KR og Keflavíkur og




þeir voru báðir lífshættulega spennandi og framlengdir. Þvílík snilld. Ég verð límdur við skjáinn út seríuna hjá KR og Stjörnunni og vona að pabbastrákarnir úr Garðabænum vinni næsta leik og hleypi óbærilegri spennu í einvígið.

Þegar íslensku úrslitakeppninni lýkur tekur ekki verri við. Reyndar talsvert betri. Eða ljósárum betri. Hinir ómannlegu körfuboltasnillingar í NBA-deildinni eru að ljúka deildarkeppninni sinni um þessar mundir og í kjölfarið fer úrslitakeppnin af stað.

Þá er ljóst að það mun reyna á umburðarlyndi vinnuveitenda minna þar sem leikirnir fara flestir fram um miðja nótt. Vinnufélagi minn fann reyndar upp góða aðferð til að ná leik og svefni. Hann fer að sofa klukkan átta á kvöldin, vaknar svo eftir miðnætti, horfir á leik og nær svo kríu fyrir vinnu. Aðferðin verður prófuð. Fylgist með.

### SJÓNVARPIÐ

**15.55 Ragnar í Smára** (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Reiðskólinn** (3:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (29:42)
**18.30 Fínni kostur** (8:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni kvenna.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Ný kvikmyndagerð í Skandinavíu** Frönsk heimildamynd. Í tilefni af frumsýningu Millennium-þríleiksins um allan heim fóru höfundar þessarar myndar á stúfana og kynntu sér skandinavíska kvikmyndagerð. Rætt er við leikara og kvikmyndagerðarmenn, kvikmyndaskólar eru heimsóttir og sýnd brot úr bíómyndum.
**23.10 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)
**23.45 Fréttir** Endursýndur fréttatími frá klukkan tíu.
**23.55 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Reality Bites**
**10.00 The Water Horse**
**12.00 Doctor Dolittle**
**14.00 Reality Bites**
**16.00 The Water Horse**
**18.00 Doctor Dolittle**
**20.00 Land of the Lost**
**22.00 The Lodger**
**00.00 Back to the Future III**
**02.00 The Nun**
**04.00 The Lodger**
**06.00 Jindabyne**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (11:22)
**11.00 Cold Case** (13:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (24:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (8:24)
**13.25 Chuck** (2:19)
**14.15 Gossip Girl** (11:22)
**15.00 iCarly** (8:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (2:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (8:17) Leonard og Sheldon eru bestu vinir sem leigja saman. Þeir eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins.
**20.10 Hamingjan sanna** (5:8) Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**20.50 Pretty Little Liars** (21:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**21.35 Ghost Whisperer** (5:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 The Ex List** (1:13)
**23.05 Sex and the City** (1:20)
**23.35 Steindinn okkar** (1:8)
**00.05 NCIS** (9:24)
**00.50 Fringe** (9:22)
**01.35 Life on Mars** (17:17)
**03.45 Pretty Little Liars** (21:22)
**04.30 Ghost Whisperer** (5:22)
**05.15 The Simpsons** (2:21)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**17.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**
**22.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**
**00.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Blackburn - Birmingham**
**18.15 Bolton - West Ham** Frá leik Bolton Wanderers og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**21.25 George Best** Skemmtilegur þáttur um bestu knattspyrnumenn allra tíma. Að þessu sinni er fjallað um snillinginn George Best sem gerði garðinn frægan með Manchester United á árunum 1963-74.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**23.10 Wolves - Everton** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**07.35 Matarklúbburinn** (3:7)
**08.00 Dr. Phil** (154:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil** (155:181)
**17.40 Innlit/ útlit** (6:10)
**18.10 Dyngjan** (9:12)
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.25 Will & Grace** (19:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**19.50 Spjallið með Sölva** (9:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**20.30 Blue Bloods** (11:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum The Sopranos með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.20 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.10 Rabbit Fall** (3:8) Kanadísk spennuþáttaröð. Lögreglukonan Tara Wheaton tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall.
**22.40 Jay Leno** (230:260)
**23.25 Hawaii Five-0** (6:24)
**00.00 Dyngjan** (9:12)
**00.10 Law & Order: Los Angeles** (3:22)
**00.50 Innlit/ útlit** (6:10)
**00.55 Heroes** (3:19)
**01.40 Will & Grace** (19:24)
**02.00 Blue Bloods** (11:22)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**07.10 World Golf Championship** (2:5)
**11.10 Golfing World** (61:240)
**16.25 Ryder Cup Official Film 1999**
**18.00 Golfing World** (63:240)
**18.50 Inside the PGA Tour** (14:42)
**19.20 LPGA Highlights** (5:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (6:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (15:42)
**22.00 Golfing World** (63:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (63:240)
**00.50 World Golf Championship** (4:5)

### 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (22:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum og lífinu á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Bones** (3:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Hung** (1:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum lífi sínu og allt gengur á afturfótunum. Hann ákveður að taka málin í sínar hendur og reynir fyrir sér sem karlkyns gleðikona með æði misjöfnum árangri.
**23.15 Eastbound and Down** (1:6) Ný gamanþáttaröð með Danny McBride (Up in the Air) í aðalhlutverki. Kenny Powers var stjarna í hafnabolta þar til sjálfselska hans og hegðun urðu til þess að honum var hent út úr meistaradeildinni.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Falcon Crest** (22:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Persónulegt eintal og uppgjör sendiherrans vegna Icesave.
**20.30 Er Icesave að baki?** Icesave-uppgjörsþáttur undir stjórn Halls Hallssonar.
**221.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.20**

### The Ex List

Rómantísk og skemmtileg þáttaröð um unga konu og leit hennar að ástinni. Miðill segir henni að stóra ástin hennar sé einn af fyrrverandi kærustum hennar, en finni hún ekki þann rétta innan árs verði hún ein um aldur og ævi.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sögur af peningum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.29** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Jónas Hallgrímsson og íslensk ljóðhefð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.50** EastEnders **10.20** Top Gear **11.35** Keences **12.05** ,Allo ,Allo! **12.35** A Bit of Fry and Laurie **13.10** The Inspector Lynley Mysteries **13.55** The Inspector Lynley Mysteries **14.40** Deal or No Deal **15.15** Deal or No Deal **15.45** Keeping Up Appearances **16.15** ,Allo ,Allo! **16.50** A Bit of Fry and Laurie **17.20** New Tricks **18.10** New Tricks **19.00** Top Gear **20.15** Live at the Apollo **21.00** The Catherine Tate Show **21.30** Little Britain **22.00** Coupling **22.30** Live at the Apollo **23.15** EastEnders

### DR 1

**11:30** Søren Ryge **12:00** Vores Liv **12:30** Kender du typen **13:00** DR Update - nyheder og vejr **13:10** Aftenshowet **14:00** Humf **14:05** Timmy-tid **14:15** Kasper & Lise **14:30** Skæg med tal **15:00** Landsbyhospitalet **15:50** DR Update - nyheder og vejr **16:00** Vores Liv **16:30** TV Avisen med Sport **17:05** Aftenshowet **18:00** Bonderøven **18:30** Smag på Norden **19:00** TV Avisen **19:25** Penge **19:50** SportNyt **20:00** Pigen der forsvandt **20:50** En splittet familie **21:35** Onsdags Lotto **21:40** OBS **21:45** Må jeg dø nu - tak

### NRK 1

**12:05** Ut i naturen **12:35** Norge rundt **13:00** NRK nyheter **13:10** Dallas **14:00** NRK nyheter **14:10** Den nordiske smaken **14:40** Glimt av Norge **14:50** Filmavisen **15:00** NRK nyheter **15:10** Dyrisk **15:40** Oddasat - nyheter på samisk **15:55** Nyheter på tegnspråk **16:00** Førkveld **16:40** Distriktsnyheter **17:45** FBI **18:15** Folk **18:45** Vikinglotto **18:55** Distriktsnyheter **19:40** Lov og orden: London **20:25** Migrapolis **21:00** Kveldsnytt **21:15** Nasjonalgalleriet **21:45** Oppdrag Sognefjorden **22:15** Brennpunkt

### svt1

**13.00** Kvinnliga designers **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Simma lugnt, Larry! **21.20** Mästarnas mästare **22.20** Notes From the Underbelly **22.45** Rapport **22.50** Uppdrag Granskning


matís

## Morgunverðarfundur hjá Matís

# Líftækniiðnaður

## Vaxtarbroddur framtíðarinnar?

Morgunverðarfundur hjá Matís, Vínlandsleið 12, fim. 14. apríl kl. 08:30-10:45

**Mikill uppgangur er í líftækni og tengdum greinum á Íslandi og vilja margir meina að vaxtarbroddar framtíðarinnar liggi þar. Matís er í góðum tengslum við líftækniiðnaðinn og eru t.a.m. mörg verkefna Matís unnin í samstarfi við fyrirtæki þar.**

Nú er góður tími til að kynna stöðu mála, framtíðarsýn og afrakstur síðustu ára. Á fundinum verða erindi frá fyrirtækjum ásamt erindum frá Matís og HÍ. Fyrirtæki munu einnig kynna starfsemi sína þennan morgun.

Í kjölfar fundarins verður gestum boðið að skoða húsnæði að Vínlandsleið 14 en þar hafa nokkur fyrirtæki, sem eru í nánu samstarfi við Matís, komið sér fyrir og verður um formlega opnun að ræða á þeim hluta hússins þennan dag.

**Dagskrá**

08:30 Setning - Orri Hauksson, Samtök Iðnaðarins
08:40 Er líftækniiðnaðurinn vaxtabroddur Íslendinga? - Hörður G. Kristinsson, Matís
08:45 Ensím og orka úr hveraörverum - Jakob Kristjánsson, Prokazyme
09:00 Orka og efnasmíði með hjálp hitakærra örvera - Guðmundur Óli Hreggviðsson, Matís
09:10 Hvers vegna fá fiskar ekki fótasár? - Guðmundur Guðmundsson, Kerecis
09:25 Ensím úr þorski í náttúruvörur, snyrtivörur og lyf - Bjarki Stefánsson, Ensímtækni
09:40 Sameindaræktun og afurðir hennar - Júlíus B. Kristinsson, ORF Genetics
09:55 Efnaauðlegð íslenskrar náttúru - Sesselja Ómarsdóttir, Lyfjafræði Háskóla Íslands
10:10 Kítósan - Nýsköpun og vaxtamöguleikar til framtíðar - Einar Matthíasson, Primex
10:20 Ævintýramarkaðssetning: ull, fiskur og fæðubótarefni - Þráinn Þorvaldsson, Saga Medica
10:35 Umræður
10:45 Fundarslit og formleg opnun Vínlandsleiðar 14 - Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Matís

Fundarstjóri: Hörður G. Kristinsson, rannsóknastjóri Matís

Þórir Bergsson meistarakokkur Matís býður fundargestum upp á frábæran morgunmat kl. 08:15

Fundurinn er öllum opinn en gott væri að vita hvort þú ætlir að mæta með því senda okkur línu á:
liftaeknifundur@matis.is

matís · KERECIS · Prokazyme · SAGAMEDICA www.sagamedica.is · ORF GENETICS · Zymetech · primex · SI






Mælingar og miðlun | Líftækni og lífefni | Öryggi, umhverfi og erfðir | Nýsköpun og neytendur | Vinnsla, virðisaukning og erfðir

Matís ohf. • Vínlandsleið 12 • 113 Reykjavík • Sími 422 5000 • Fax 422 5001 • matis@matis.is • www.matis.is

Steinar 4/2011






AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ! Blu-ray Disc

# SJÓNVARPSTILBOÐ

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**Panasonic**
ideas for life

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 329.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég borða yfirleitt heima hjá mér, en annars er það Subway og þá verður bátur mánaðarins oftast fyrir valinu. Ef ég vil gera vel við mig fæ ég mér bræðing eða túnfisksbát.“*

Laufey Haraldsdóttir, sigurvegari Gettu betur með Kvennó.

# Ætlar að flytja Reðursafnið til Reykjavíkur

„Ég á þrjár dætur og einn son og það voru allir sammála um að hann tæki við þessu þegar ég hætti,“ segir Sigurður Hjartarson, stofnandi og starfsmaður Reðasafnsins á Húsavík.

Sigurður hyggst hætta á safninu eftir áralanga uppbyggingu og sonur hans, Hjörtur Gísli Sigurðsson, mun taka við stöðunni. „Ég er bara að fara að gefast upp á þessu því þetta hefur verið mjög einfaldur rekstur, ég hef ekki greitt mér laun,“ segir Sigurður, en safnið komst enn og aftur í heimspressuna þegar fyrsti mannslimurinn var afhjúpaður við hátíðlega athöfn á dögunum. Páll Arason naut þess heiðurs en hann ánafnaði safninu lim sínum árið 1996 eins og frægt er orðið. Sigurður reiknar fastlega með að sitja á sínum stól á safninu út þetta ár en hætta svo um áramótin.

Hjörtur Gísli Sigurðsson er hinn útvaldi arftaki og hann hefur sínar hugmyndir um framtíð safnsins. Meðal þess er að flytja aðalsafnið til Reykjavíkur, þar sem það hóf upphaflega göngu sína, og hafa útibú á Húsavík. „Ég er mjög stoltur af þessu og tek við góðu búi af pabba, það fullkomnaðist náttúrulega á föstudag,“ segir Hjörtur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Reðuráhuginn hefur augljóslega gengið í erfðir því Hjörtur vill að starfsemi safnsins tútni út. „Safnið hefur náttúrlega haft góð áhrif á Húsavík og komið bænum á heimskortið. En ég er viss um að við gætum trekkt fleiri að með því að flytja það til Reykjavíkur, það er um að gera að leyfa sem flestum að njóta þess því það er hvergi annars staðar hægt í heiminum.“

- fgg



**NÝR STJÓRI** Hjörtur Gísli Sigurðsson, að ofan, tekur við góðu reðurbúi af föður sínum, Sigurði Hjartarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




FANNEY HAUKSDÓTTIR: FLOTT AÐ SITJA ÞARNA INNI OG NJÓTA ÚTSÝNISINS

# Höll Jóhannesar í Bónus metin á hátt í 200 milljónir

„Það er flott að sitja þarna inni og njóta útsýnisins,“ segir Fanney Hauksdóttir, arkitektinn á bak við glæsihýsið Sunnuhvál, sem var áður í eigu auðmannsins Jóhannesar Jónssonar.

Skilanefnd Landsbankans leysti húsið til sín í desember á síðasta ári og setti á sölu í gær. Fjórar fasteignasölur sjá um að koma eigninni í verð, en ekki er gefið upp hvað skilanefndin hyggst fá fyrir húsið. Heimildir Fréttablaðsins innan fasteignasölubransans herma að 180 til 190 milljónir ættu að fást fyrir húsið og fasteignasalarnir sem talað var við eru sammála um að eignin sé ein sú glæsilegasta sem er í boði á landinu í dag. Húsið er samtals um 427 fermetrar og stendur á rúmlega eins hektara jörð.

Aðspurð hvort húsið sé það glæsilegasta sem Fanney hefur hannað á ferli sínum, sem spannar tuttugu ár, segir hún að það sé einstakt að mörgu leyti. „Það var mikið lagt í húsið. Mikill metnaður.“

Ekkert var til sparað við byggingu hússins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kostnaðurinn hátt í 400 milljónir. Húsið er á tveimur hæðum og á efri hæðinni mynda stofan, borðstofan og eldhúsið eitt stórt og opið rými. Gólfsíðir útsýnisgluggar eru í stofunni ásamt arni. Á neðri hæðinni má meðal annars finna tæknirými, líkamsræktaraðstöðu og tvö baðherbergi. Fyrir utan er 40 fermetra sundlaug og stór heitur pottur.

Útsýnið úr húsinu er stórkostlegt og Fanney segir að umhverfið hafi verið notað mikið við hönnunina. „Þú upplifir náttúruna og hvernig úti og inni rennur saman,“ segir hún. „Það var stórt atriði í hönnuninni að tengja hana náttúrunni. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni. Það unnu allir saman og vel.“

En er ekki langt þangað til annað eins verkefni kemur á borð arkitekta á Íslandi?

„Það hefur margt breyst og það eru aðrar áherslur í dag,“ segir Fanney, en bætir við að í grunninn séu markmiðin ávallt þau sömu. „Maður reynir að láta notkunina og stemninguna endurspeglast í arkitektúrnum.“

atlifannar@frettabladid.is







**GLÆSILEGT ÚTSÝNI**

Ekkert var til sparað við byggingu á Sunnuhváli. Útsýnið úr húsinu er glæsilegt og þegar Eyjafjörður skartar sínu fegursta er auðvelt að týna sér í náttúrufegurðinni. Auðmaðurinn Jóhannes Jónsson lét byggja húsið en skilanefnd Landsbankans leysti það til sín í desember í fyrra.







# Sigtryggur gerir sjónvarpsþátt

„Ég afþakkaði þessa beiðni fyrst ákaflega pent og langaði eiginlega ekkert að gera einhvern stúdíóþátt. En óskin kom frá FTT þar sem séra Frímann [Jakob Frímann Magnússon] ræður ríkjum og maður getur ekki svo auðveldlega sagt nei við hann. Þannig að lendingin varð sú að við gerðum þennan þátt í hljóðveri,“ segir Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður og verðandi sjónvarpsstjarna.

Á fimmtudaginn hefst nýr sjónvarpsþáttur í umsjón Sigtryggs á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Honum hefur verið gefið nafnið Kolgeit og heitir því í höfuðið á hljóðveri Sigtryggs við Eyjaslóð. Svo skemmtilega vill til að umboðsaðili tannkremsins Colgate styrkir gerð þáttanna en það er önnur saga. Trymbillinn hyggst bjóða til sín valinkunnum tónlistarmönnum, taka lagið með þeim og spjalla við þá um heima og geima en Sigtryggi til halds og traust eru Flís-liðarnir Davíð Þór Jónsson og Helgi Svavar. Fyrstu gestir hans eru Megas og Senuþjófarnir en nýjasti diskur þeirra, (Hugboð um) vandræði, er nýkominn út. „Við fengum bara kamerumenn heim og það lukkaðist mjög vel.“

Sigtryggur segir að einungis verði um örfáa þætti að ræða en þegar Fréttablaðið bar að garði á Eyjaslóðinni var trommuleikarinn að æfa með Pétri Ben fyrir tónleika á Factory sem fram fara á föstudagskvöld.

- fgg



**FYRST MEGAS** Sigtryggur Baldursson byrjar með nýjan sjónvarpsþátt á ÍNN þar sem hann leikur og sprellar með valinkunnum hljómlistarmönnum í hljóðverinu sínu Kolgeit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Einstök upplifun
Sumarið er tíminn til að upplifa hina óútreiknanlegu náttúru Íslands. Það er sama hvert þú ferð og í hverju þú lendir, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.
**Nýja sumarlínan frá ZO•ON er komin í verslanir okkar í Kringlunni og Bankastræti**
og allar helstu verslanir með útivistarfatnað á Íslandi.
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hodder kaupir Ég man þig

Íslensk bókaforlög kynna um þessar mundir höfunda sína á hinni árlegu bókamessu í London. Breska forlagið Hodder notaði fyrsta dag messunnar til að tryggja sér útgáfuréttinn á bók **Yrsu Sigurðardóttur**, Ég man þig. Bókin fjallar ekki um lögmanninn Þóru eins og önnur verk Yrsu og stendur því sér á báti í útgáfuflóru hennar. Oft getur verið erfitt að selja bækur erlendis sem eru ekki hluti af bókaröð og því þykir þessi áhugi Hodder sýna vel hve Yrsa hefur náð að festa sig í sessi í Bretlandi. Með því að tryggja sér réttinn á Ég man þig hefur Hodder eignast útgáfuréttinn á öllum bókum Yrsu í Bretlandi.



### Megas byrjar með látum

Ný plata **Megasar** og Senuþjófanna kom í verslanir í síðustu viku. Platan kallast (Hugboð um) vandræði og hlaut gott brautargengi gagnrýnenda, fjórar stjörnur hér í Fréttablaðinu og fjórar og hálfa í Mogganum. Aðdáendur Megasar hafa tekið plötunni fagnandi og rauk platan beint á topp Tónlistans þessa vikuna. Hefur hún selst í ríflega fjórum sinnum fleiri eintökum en næsta plata á lista sem er My Worlds með Justin Bieber. Í fjórða og fimmta sæti á listanum er að finna plötur með Skálmöld og Svavari Knúti sem báðar hafa nýlega vermt toppsætið.



- fb, hdm

## Mest lesið vísir

1. Barnaníðingur í kjördeild í Icesave-kosningunum
2. Ágúst neitar sök - meint fórnarlamb er 19 ára
3. Óvíst hvort framsóknarmenn styðji vantrauststillögu Bjarna
4. Borgin greiðir ekki fyrir börn alkóhólista
5. Jóhanna vill flýtimeðferð á vantrauststillögu





